

Ársrit Breiðabliks

Knattspyrnudeild

Desember / 2011

Viðtöl við leikmenn

Fréttir af öllum flokkum


Myndir úr starfinu



Göngugreining Flexor getur skipt sköpum um líðan þína

Taktu ákvörðun sem getur haft mikil áhrif á líðan þína í framtíðinni.

Pantaðu tíma í göngugreiningu Flexor í síma 517 3900.



- **FLEXOR** býður upp á göngugreiningu sem getur komið í veg fyrir ýmis stoðkerfisvandamál og kvilla í helstu álagspunktum líkamans.
- Ef þú þjáist af verkjum í hnjám, óstyrkum ökklum, óþægindum í hálsi, hásinum, baki eða mjöðmum, þreytuverkjum í fótum o.fl. getur göngugreining **FLEXOR** verið fyrsta skref í átt til bata.
- Göngugreining **FLEXOR** getur líka komið í veg fyrir að ýmsir kvillar geri vart við sig síðar.

ÖKKLAHLÍFAR • KÁLFAHLÍFAR • HNÉHLÍFAR • HNÉSPELKUR • HITA- OG STUÐNINGSHLÍFAR • OLNBOGAHLÍFAR
ÚNLIDSSPELKUR • ÚNLIDSBÖND • AXLAHLÍFAR • NÁRABUXUR • HITABELTI • BAKBELTI • KVIDBELTI

FLEXOR
NÆSTA SKREF



Ársrit knattspyrnudeildar Breiðabliks 2011

Útgefið í desember 2011

Útgefandi:

Knattspyrnudeild
Breiðabliks

Ábyrgðarmaður:

Svavar Jósefsson

Ritstjóri:

Andrés Pétursson

Ritnefnd:

Borghildur Sigurðardóttir
Börkur Vígbórsson
Kristján Ingi Gunnarsson
Pétur Ómar Ágústsson
Svavar Jósefsson

Prófarkalestur:

María Játvarðsdóttir

Hönnun og umbrot:

Þorkell J. Sigurðsson

Ljósmyndir:

Andrés Pétursson,
Einar Freyr Jónsson,
Friðrik Haraldsson,
Flosi Ásmundsson
o.fl. Blikar

Forsíðumynd:

Eva Björk Ægisdóttir.

Hinn ungi en leikreyndi
Finnur Orri Margeirsson í
Evrópuleiknum fræga
gegn Rosenborg á
Kópavogsvelli 20. júlí
2011. Blikar unnu
leikinn 2:0.

<http://www.blikar.is>
<http://www.breiðablik.is>

Breiðablik er eitt öflugas-
ta ungmenna- og
íþróttafélag landsins, það
er með flesta iðkendur í
knattspyrnu á landinu og
hefur yfir að ráða bestu
aðstöðunni bæði innan- og
utanhúss.

Árangur félagsins í gegn-
um tíðina hefur verið fram-
úrskarandi í yngri flokkum
en ekki ásættanlegur í
meistaraflokki karla þar til
árið 2009 og 2010 þegar
bikar- og Íslandsmeistara-
titill náðust í hús.

Árið 2010 var líka afar
hagfellt því þá fékk félagið
miklar tekjur af félagsskipt-
um leikmanna, með því
náði félagið að gera upp
skuldir sínar. Áður hafði
félagið verið í fjárhags-
vandræðum, eftir á í
greiðslum til leikmanna,
þjálfara og starfsmanna.
Engir peningar voru til og
lausafjárstaða neikvæð.
Mikið hefur verið fjallað um
ríkidæmi Breiðabliks og
hafa spekingar haft á orði
að félagið hafi verið alltof
sparsamt og ekki styrkt lið
sitt nægilega fyrir síðastliðið
tímabil. Reyndar byrjuðu
þessar raddir ekki heyrast
fyrir en vel var liðið á síðasta
tímabil, því fyrir
Íslandsmótið 2011 var liðinu
spáð góðu gengi og talið
að leikmannahópurinn væri
feiknasterkur. Tveir lykil-
menn yfirgáfu félagið og í
stað þeirra komu þrír leik-
menn sem áttu að styrkja
liðið. Síðar komu tveir leik-
menn í viðbót á móti tveim-
ur lykilleikmönnum sem
yfirgáfu félagið og fóru í
atvinnumennsku. Tímabilið
2011 var öllum Blikum mikil
vonbrigði, það var eins og
leikmenn, þjálfarar, stjórnar-
menn og stuðningsmenn
væru ekki að höndla vel-
gengni síðasta árs og nýta
hana til áframhaldandi
afreka. Leikur liðsins olli
miklum vonbrigðum bæði
árangurslega sem og hvað
varðar gæði leiks.
Stemming meðal stuðnings-
manna var ekki nógu



Einar Kristján Jónsson
formaður knattspyrnudeildar
Breiðabliks.

gód og deilur /ósætti voru
milli hluta stuðningsmanna
og stjórnar Blikaklúbbsins
og deildarinnar. Einnig átti
þjálfarinn í neikvæðum
orðaskiptum við stuðnings-
menn og sparkspekinga
þegar illa gekk. Það var
ekki nógu góður andi yfir
þessu öllu saman.

Maður spyr sig hvernig
getur svona mikið breyst á
skömmum tíma frá því að
við vorum á toppi alheims-
ins haustið 2010?

Hvað getum við lært af
síðasta tímabili og reynsl-
unni?

Ég er ekki með einhlítt
svar við því, en við þurfum
að líta inn á við og leita
svara. Eina svarið sem ég
hef heyrt er að við vorum
ekki með nægilega stóran
hóp! Hvernig má það vera
að félag sem fjölgaði í leik-
mannahóp sínum og á
endalaust úrval af ungum
leikmönnum sem dreymir
um að spila fyrir félagið í
meistaraflokki karla á ekki
nægilega mikið af leik-
mönnum?

Ég minnst þess fyrir tíma-
bilið 2009 var mikil pressa
að kaupa leikmenn því talið
var að ungu leikmennirnir

okkar væru engan veginn
tilbúnir, við áttum enga
markaskorara! Niðurstaðan
var sú að þetta var árið
sem Alfreð, Kiddi S, og
Elfar Freyr fengu alvöru
tækifæri í liðinu og stóðu
svo sannarlega undir
væntingum. Mér er til efs
að þessir leikmenn hefðu
fengið jafnmörg mikilvæg
tækifæri ef peningar hefðu
verið til fyrir leikmanna-
kaupum. Síðastliðið sumar
náðu margir lykilmenn sér
ekki á strik og aðkomnir
leikmenn ekki heldur. Við
þurfum greina ástæður fyrir
þessu og taka ákvarðanir í
framhaldi af því.

Varðandi fjármál
knattspyrnufélaga þá á
Breiðablik skapa sér þá
stöðu að vera fjárhagslega í
lagi, það gerist með því að
laga útgjöld að tekjum.
Leikmenn verða semja um
raunhæf laun en geta að
sama skapi verið viss um
að fá útborgað á réttum
tíma og þá alla upphæðina
en ekki bara 50% eða
minna. Við þekkjum það
hvernig það er að vera með
allt niður um sig í fjármálum
og eftir á með greiðslur. Ég
held að enginn vilji hverfa
aftur til þess tíma. Það er í
raun grátbroslegt að sjá
félög sem við vitum að eru
ekki búin og munu ekki
geta klárað launagreiðslur
til leikmanna, þjálfara og
starfsmanna vera á fullu í
leikmannakaupum. Það er
lítið mál að lofa miklu núna
og bjóða í leikmenn, en það
kemur að skuldadögum.
Tekjur félaga munu ekki
aukast á næsta ári og þau
félög sem hafa notið sér-
stakrar velvildar sveitarféla-
ga munu ekki njóta hennar í
sama mæli á næstunni.

Rekstrartekjur duga
engan veginn fyrir gjöldum,
hvorki hjá Breiðabliki né
öðrum. Sérstaða okkar
félags, liggur í unglinga-
starfinu, bæði hvað varðar
fjölda og gæði leikmanna,
aðstöðunni sem við höfum
og ungum leikmannahóp í

meistaraflokkir karla. Við þurfum að nota styrkleikana og ef ungu leikmennirnir eru ekki tilbúnir þá verðum við að nota veturinn til að gera þá tilbúna, lausnin liggur ekki í kaupum á miðlungs leikmönnum.

Við þurfum samstilltan hóp leikmanna sem hefur trú á Breiðblik, metur það sem við

höfum að bjóða og hleypur ekki burt við eitt mótlætis tímabil ef eitthvað tækifæri gefst. Ég veit ekki hvaða lið getur boðið leikmönnum sínum meiri verðmæti en Breiðablik, þ.e. value for money! Jú útgerðaraðilar úti á landi geta örugglega búið til „pakka“ sem er góður fjárhagslega, en þegar við

leggjum saman allt, bæði getu til greiðslu, aðstöðu og þjálfun þá hefur Breiðablik yfirburði fyrir unga leikmenn sem ætla sér lengra í boltanum.

Við þurfum að leita leiða til að þetta raðirnar meðal stuðningsmanna, eyða óánægju með Blikaklúbbinn og búa til samstilltan hóp

stuðningsmanna, stjórnarmanna, leikmanna og þjálfara. Allir sáttir og allir að róa í sömu átt þá kemur gleðin aftur og titlarnir hrannast inn. Íslandi allt.

*Einar Kristján Jónsson
formaður
knattspyrnudeildar
Breiðabliks*

„Mikill metnaður hjá félaginu“

– segir Atli Sigurðsson, nýr framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar

Atli Sigurðarson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Breiðabliks. Atli er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með stjórnunarreynslu úr atvinnulífinu, einkum á sviði sölu- og markaðsmála á fyrirtækjamarkaði. Atli bjó í Kópavogi í ein 16 ár og var einn frumbyggja í Grófarsmáranum. Seinna flutti Atli í Vallagerði, rétt við hinn fornfræga Vallagerðisvöll. Tengsl Atla við Breiðablik eru þau helst að báðir synir hans hafa æft knattspyrnu með félaginu og annar þeirra er reyndar enn að æfa. Atli var mjög virkur í foreldrarstarfi meðan hann bjó í Kópavogi og var meðal annars formaður forel-



Atli Sigurðarson.

drafélags Kársnesskóla, gjaldkeri Samkóp sem eru samtök foreldrafélaga og foreldraráða við grunnskóla Kópavogs og í stjórn

Heimilis og skóla. Atli vann lengi sem verkefnastjóri hjá Símanum og sinnti þar einkum markaðs- og sölu- tengdum verkefnum á sviði Internetsins. Atli söðlaði um og gerðist aðstoðarmaður framkvæmdastjóra Vatns- virkjans þar sem hann sinnti rekstrartengdum verkefnum, auk þess sem hann sá um markaðs- og sölumál. Atli varð seinna sölustjóri hjá InnX þar sem hann sinnti sölu- og markaðsmálum hjá framsæknu fyrirtæki í húsgagnageiranum.


Í stuttu spjalli við Atla sagðist hann hlakka til að takast á við fjölbreytt verkefni fyrir knattspyrnudeild Breiðabliks. Knattspyrnudeildin er sú stærsta á landinu með um 1.300 iðkendur og mikið er

lagt í þjálfun yngri flokka félagsins. „Ég hef orðið var við mikinn metnað á öllum sviðum innan félagsins og það er virkilega gaman að sjá hvað foreldrar iðkenda eru áhugasamir og vinnufúsir þegar taka þarf til hendinni s.s. við fjáröflun og fleira. Foreldrarstarf innan íþróttafélaga er líka frábær leið til að kynnst nágrönnum sínum og gerir lífið skemmtilegra.“ að sögn Atla en hann er kvæntur Sigrúnu Andersen og eiga þau þrjú börn.

*Með kveðju,
Atli Sigurðarson,
framkvæmdastjóri
Knattspyrnudeild
Breiðabliks*

Öryggisbelti

Beltin bjarga. Þetta er gullvægt slagorð eins og dæmin sanna. Við spennum beltið án umhugsunar í upphafi ökuferðar enda er farþegum best borgið spenntir í sæti sínu við óhapp. Þá verða öryggisbelti að virka rétt. Til viðbótar við öryggisbelti skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.



Árangur á okkar eigin forsendum

Breiðablik rekur stærstu knattspyrnudeild á Íslandi. Árlega hefja vel á annað hundrað nýir iðk- endur þjálfun hjá félaginu. Þrátt fyrir allan þennan fjölda hefur tekist að halda þjónustustigi háu innan félagsins gagnvart iðken- dum. Þar er ein regla ófrávikjanleg og hún er sú að hver einasti einstaklin- gur skiptir miklu máli. Skipulag starfsins hvílir á stjórnnum, sjálfbodaliðum, þjálfurum og öðrum starfs- mönnum. Á þeim hvílir mikil ábyrgð, oft undir miklu álagi.

En það er fleira en fjöldinn og gæðin í star- finu sem skilur knattspyr- nuna í Breiðablik frá sam- keppnisaðilum sínum hér- lendis. Hvergi á landinu er að finna jafn góða aðstöðu og í Kópavogi til



Orri Hlöðversson

knattspyrnuíðkunar. Tvær glæsilegar knattshallir, fjöldi gervigras- og sparkvalla, glæsilegur bæjarleikvangur og fjöldi íþróttahúsa er eitth- vað sem ekkert annað bæjarfélag getur boðið upp á hérlandis.

Afrakstur íþróttanna fyrir

samfélagið liggur fyrst og í auknu heilbrigði barna og ungmenna. Skipululeg þátt- taka íþróttastarfi eflir einnig félagslega færni. Íþróttirnar eru því góður grunnur fyrir eftirsóknarverðan lífsstíl seinna á ævinni.

En árangur á knattspyrnu- vellinum er líka mælikvarði á það hversu vel tekst til í starfinu. Þar hafa Blikar af báðum kynjum átt mikilli vel- gengni að fagna í marga áratugi. Til að tryggja að svo verði áfram er mikilvægt er að missa ekki sjónar af markmiðunum og halda áfram á sömu braut og mörkuð hefur verið síðastliðin ár.

Hér að ofan eru tilgreindir þír helstu styrkleikar knattspyrnunnar í Breiðablik sem eru fjöldi, gæði og aðstaða. Þeir eru okkar fjöregg og í þeim felst

okkar samkeppnishæfni gagnvart öðrum félögum. Okkar sem vinnum fyrir Breiðablik á hverjum tíma er að breyta fjöregginu í þá sigra sem við viljum öll vinna.

Langtímahugsun sem hlúir að þeim mikla auði sem býr í Breiðabliki mun að lokum festa félagið endanlega í sessi sem stórveldi í íslenskri knattspyrnu, jafnt á mælikvarða afreksíþróttar sem æskulýðsstarfs.

Með því að nýta okkar samkeppnisforskot á sky- nsamlegan hátt sköpum við forsendur til að ná árangri af eigin rammleik. Allir vita að engir sigrar eru sætari en sigrar af þeim meiði

Orri Hlöðversson
Formaður aðalstjórnar

SÉRSNIÐNIR VEFIR LOGO BÆKLINGAR NAFNSPJÖLD EINFALT
AÐ UPPFÆRA VEFINN ENDALOUSIR MÖGULEIKAR SANNGJARNT
VERÐ NÝJASTA TÍSKA MERKINGAR FLOTTIR VEFIR ALHLIÐA
HÖNNUN FAGMENNSKA VEFURINN ER ANDLIT FYRIRTÆKISINS
VEFSÍÐUGERÐ OG HÖNNUN Á SAMA STAÐ HÝSING FLASH BORDAR
MÖPPUR DAGBLAÐAUGLÝSINGAR TEXTAGERÐ LJÓSMYNDUN
ÁÆTLANIR TILBOÐ ÍMYND FYRIRTÆKIS HUGMYNDAVINNA
ÞARFAGREINING UPPBYGGING

zebra.is



Við spilum
sóknarbolta !



Endurskoðun • Reikningsskil • Fjármálaráðgjöf • Skattaráðgjöf • Lögfræðiráðgjöf
Upplýsingaöryggi • Innri endurskoðun • Góðir stjórnarhættir

www.deloitte.is

Sigur og tap gegn Rosenborg í Meistaradeildinni



Kristinn Steindórsson gerði seinna markið gegn Rosenborg.

13. júlí 2011 var merkis- dagur í sögu Breiðabliks, þá fór fram fyrsti leikur meistaraflokks karla í Meistaradeild Evrópu. Andstæðingar okkar voru ekki af verri gerðinni, margfaldir Noregsmeistarar í Rosenborg frá Þrándheimi. Rosenborg hefur tekið þátt í Evrópukeppnum frá árinu 1965. Þeir léku sinn fyrsta leik í Evrópukeppni gegn KR. Rosenborg vann sinn fyrsta stóra titil þegar þeir urðu bikarmeistarar 1960 og síðan hefur félagið landað mörgum slíkum til viðbótar og enn fremur unnið norsku deildina 22 sinnum, þar af 13 ár í röð á árunum 1992 til 2004. Rosenborg tók þátt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu ellefu sinnum á tólf árum frá 1995 til 2006, þar af átta sinnum í röð sem var met þar til Manchester

United sló það árið 2004. Á þessum árum bar Rosenborg meðal annars sigurorð af liðum á borð við AC Milan, Juventus og Real Madrid. Eitt af aðalmálunum fyrir leik Rosenborg og Breiðabliks snérist um það hvort að Elvar Freyr Helgason myndi spila en hann var nýgengin til liðs við AEK Aþenu frá Breiðabliki. Ekkert varð þó af því að Elfar spilaði þennan leik og Ólafur Þjálfari gerði nokkrar óvæntar breytingar á byrjunarliði Blika í leiknum. Hann setti hægri bakvörðinn Arnór Svein Aðalsteinsson í hafsentinn við hliðina á Kára Ársælssyni og Rafn Andri fór í hægri bakvörðinn í staðinn. Þessi hægri bakvarðarstaða átti svo eftir að verða erfið fyrir Blika restina af sumrinu 2011. Blikar byrj-



Áhorfendur fjölmenntu á Kópavogsvöllinn og studdu vel við Blikaliðið.

uðu vel og sýndu norsku risunum í Rosenborg akkurat enga virðingu og fengu nokkur færi. Blikar héldu vel út framan af leik og Ingvar Kale stóð sig vel, það kom þó að því að Rosenborg skoraði og á markamínútinni kom markið frá þeim. Staðan var 1-0 í hálfleik en hefði getað verið mikið verri. Ekki skánaði ástandið í seinni hálfleik, munurinn á liðinum var mikill og er skemmst að segja frá því að leikurinn endaði 5-0 fyrir þá norsku. Blikar fengu færi sem þeir hefðu getað nýtt betur en voru einnig óheppnir þegar að Arnar Már skaut boltanum í samskeytin.

Annað var uppi á tengingnum í seinni leiknum þegar að þeir norsku mættu á Kópavogsvöll en þá unnu Blikar frábæran 2:0 sigur á hinu sterka liði Rosenborgar sem hafði farið illa með okkar menn í fyrri leiknum. Fyrsta mark Breiðabliks í Evrópukeppni kom á 28 mínútu þegar að Kristinn Jónsson brunaði upp völlinn og sendi góða sendingu á Dylan Jakob Macallister sem skoraði. Staðan 1-0 í hálfleik og bjartsýnir Blikar í stúkunni brostu út í annað. Þegar að um 8 mínútur voru eftir þá náði Dylan góðri sendingu á Kristinn Steindórsson sem fíflaði varnarmann Rosenborg upp úr skónum og sendi knöttinn í stöngina og inn, glæsilegt mark hjá besta leikmanni Breiðabliks sumarið 2011. Það var ekki nóg að þetta væru fyrstu mörk Breiðabliks í Evrópukeppni karla heldur var þetta líka fyrsti sigur



Tómas Óli Garðsson gerði Norðmönnum lífið leitt með hraða sínum og leikni.

íslensks lið í þessari keppni í tíu leikjum. Frábær sigur staðreynd og glæsilegt hjá

strákunum að leggja þetta norska stórveldi af velli. Nú eru Blikar komnir á bragðið í

evrópukeppninni og vilja meira á komandi sumrum.

KIG

Póra Helgadóttir landsliðskona velur Breiðablik sem sinn vinaklúbb

Knattspyrnufélagið Malmö er með verkefni í S-Afríku þar sem markmiðið er að berjast gegn útbreiðslu HIV og AIDS. Markmiðið er einnig að sýna stúlkum fram á að þær geta tekið sér marga fyrir hendur þótt þær séu stúlkur. Fyrir leikmenn Malmö þýðir þetta að leikmennirnir eiga sinn vinaklúbb eða vinaskóla í S-Afríku og svo vinaklúbb í Svíþjóð. Leikmenn blogga

til stelpanna í báðum liðum um hvað þær eru að hafa fyrir stafni hverju sinni, hvernig æfingar gangi og hvernig daglegt líf konu í atvinnumennsku í fótbolta er. Einu sinni á ári fara leikmenn í heimsókn til vinaklúbbsins og kynna sig, klúbbinn og verkefnið. Malmö útvegar einnig þessum stúlkum gamla búninga og knattspyrnu áhöld frá öðrum vinaliðum og gerir þeim þar með kleift að hefja

iðkun knattspyrnu. Í dag eru fjölmargar stúlkur sem njóta góðs af þessu verkefni víða um Afríku. Póra fékk að gera Breiðablik að sínum vinaklúbbi í staðinn fyrir félag í Svíþjóð svo hún geti komið heim í sitt uppeldisfélag og talað við knattspyrnukonur þar og gert þær meðvitaðar um vanda kvenna viðsvegar í heiminum.

Póra var með fyrirlestur og spjall fyrir eldri iðkendur í

Breiðablik nú í haust. Þar gátu knattspyrnukonur fræðst um það hvernig er að vera atvinnukona knattspyrnu og fengið frábæran aðgang að einni af okkar flottustu A-landsliðskonu. Póra mun halda annan fyrirlestur í jólafrí sínu nú í lok árs og verður sá fyrirlestur auglýstur síðar. Frábært framtak hjá uppöldum Blika.

Nýir leikmenn til Breiðabliks



Elvar

Gísli Páll Helgason varnarmaður frá Þór Akureyri skrifaði nýlega undir 3 ára samning við Breiðablik. Gísli flytur suður um áramótin og hefur æfingar í byrjun janúar. Gísli Páll er tvítugur hægri bakvörður sem hefur spilað undanfarnar fimm leiktíðir með meistaraflokki Þórs. Hann hefur samtals spilað 95 leiki og skorað í þeim þrjú mörk. Gísli hefur leikið 13



Viggó

leiki með yngri landsliðum Íslands. Hann hefur einnig átt sæti í U21 árs landsliði Íslands. Hann lék 21 af 22 leikjum Þórs í úrvalsdeildinni síðasta sumar, alla í byrjunarliði.

Sindri Snær Magnússon miðjumaður hefur æft með Breiðabliki að undanfögnu spilaði æfingaleik gegn FH um síðustu helgi. Sindri Snær er fæddur árið 1992. Hann var fastamaður í ÍR liðinu og spilaði alla 21 leiki



Gísli Páll

liðsins í fyrstu deildinni í sumar.

Fyrr höfðu leikmennirnir Elfar Árni Aðalsteinsson og Viggó Kristjánsson gert 3 ára samning við Blika.

Elfar Árni Aðalsteinsson skoraði þrettán mörk í 22 leikjum í annarri deildinni í sumar en hann lék bæði frammi hjá Völsungi sem og framarlega á miðjunni. Samtals hefur Elfar Árni skorað 39 mörk með Völsungi síðan hann lék sinn fyrsta



Sindri Snær

meistaraflokksleik árið 2006.

Viggó Kristjánsson er 18 ára gamall miðju- og sóknarmaður. Viggó hefur leikið 6 leiki um U-17 ára landsliði Íslands og 2 með U-19 ára liðinu. Hann var einn af lykilmönnum í Gróttuliðinu í sumar og lék alla leiki liðsins í 1. deildinni.

Við bjóðum þá alla velkomna í Kópavoginn. Áfram Breiðablik!

88% viðskiptavina
mæla með okkur

Hreint verð
og úrvalsþjónusta
– hagur fyrirtækis þíns

Yfir
30 ára
reynsla

VIÐ FÁUM BESTU MEÐMÆLIN FRÁ ÁNÆGÐUM VIÐSKIPTAVINUM

Klæðskerasaumum tilboð sem kemur fyrirtæki þínu vel

Fáðu verðtilboð: 554 6088

hreint@hreint.is • www.hreint.is



Regluleg ræsting, hreingerningar, bónun og bónleysing gólfa, gluggaþvottur, gluggatjaldahreinsun, þvottaþjónusta, teppahreinsun, innkaup hreinlætisvara, þrif á húsgögnum og innréttingum, eldhúsumsjón, hádegisverðarþjónusta, húspvottur að utan, húsvarsla, eignaumsjón/fasteignaumsjón, hreingerning eftir tjón eða vinnu iðnaðarmanna, lokaðaræsting nýbygginga/endurbygginga.

 **Hreint**
RÆSTING
– gerum betur í verði og verki

Akureyri, Akranesi, Hveragerði, Selfossi og Stór-Rvk.

Græna leiðin í atvinnumennskuna

Skömmu fyrir áramót gerði framherjinn snjalli, Kristinn Steindórsson, atvinnumannasamning við sænska liðið Halmstad. Kristinn er því fimmti leikmaður úr hinu öfluga Blikaliði, sem meðal annars varð Bikarmeistari 2009 og Íslandsmeistari 2010, sem heldur í atvinnumennsku. Aðrir leikmenn sem hafa farið undanfarin tvö ár eru Alfreð Finnbogason til Lokeren í Belgíu, Jóhann Berg Guðmundsson til AZ Alkmaar í Hollandi, Eflar Freyr Helgason til AEK í Grikklandi og Arnór Aðalsteinsson til Hönefoss í Noregi. Svo má ekki gleyma unglingalandsliðsmanninum Oliver Sigurjónssyni sem hélt til AGF í Danmörku í fyrra. Á margan hátt má líka

bæta þeim Steinþóri Frey Þorsteinssyni hjá Sandnes Ulf í Noregi og Gylfa Sigurðssyni hjá Hoffenheim í þýsku Bundesligunni við þennan öflugna hóp Blika í atvinnumennsku. Þar að auki má ekki gleyma frábærri byrjun Söru Bjarkar Gunnarsdóttur hjá Malmö í Svíþjóð.

Ekkert íslensk félagslið hefur náð álíka árangri á undanföllum árum. Það er því ljóst að öflugt unglingastarf og góð aðstaða í Kópavoginum er að skila þessum frábæra árangri. Vel tengdur hollenskur umboðsmaður tjáði blaðamanni Ársritsins síðastliðið sumar að flestir ef ekki allir umboðsmenn í Evrópu þekktu orðið nafn knattspyrnadeildar Breiðabliks.

Blikaliðið væri að ná álíka orðstý og unglingaakademía Ajax hefði haft á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. „Leikmenn ykkar hafa orð á sér fyrir að vera vel þjálfaðir, dugmiklir og metnaðargjarnir. Þetta er því góð blanda fyrir atvinnumennsku,” sagði þessi hollenski umboðsmaður.

Þessi orð eru hvatning fyrir alla unga knattspyrnumenn í öllum flokkum kvenna og karla hjá Breiðablik. Félagið er svo sannarlega komið á radarinn hjá félögum í Evrópu. Auðvitað er sárt að sjá á eftir góðum leikmönnum frá félaginu en þetta er í samræmi við opinbera stefnu Breiðabliks að koma sem flestum leikmönnum í atvinnumennsku. Það opnar



Oliver Sigurjónsson er nú hjá AGF í Danmörku.

líka tækifæri fyrir fleiri knattspyrnumenn að fá tækifæri í meistaraflokki hjá félaginu þannig að allir græða á þessari grænu leið í atvinnumennskuna.

HERBALIFE®

24™

NUTRITION FOR THE 24-HOUR ATHLETE™

Sjálfstæðir Herbalife dreifingaraðilar

Æfingataflan og úthlutun æfingatíma

Á hverju hausti eftir að æfingatafla knattspyrnu-deildar Breiðabliks hefur verið birt hringir fjöldi foreldra og lætur í ljós óánægju sína með niðurröðun æfingatíma. Þessi óánægja er vel skiljanleg en hafa ber í huga þær forsendur sem liggja til grundvallar þegar æfingataflan er gerð og knattspyrnu-deildin leitast hér við að útskýra.

Knattspyrnu-deild Breiðabliks er lang fjölmennasta knattspyrnu-deild landsins. Það eru um 1250 virkir iðkendur í deildinni, og þar af eru eitt þúsund 16 ára og yngri (Fjöltnir er næst fjölmennasta knattspyrnu-deild landsins með um 700 iðkendur 16 ára og yngri). Þessi mikli fjöldi er styrkur Breiðabliks en skapar líka vanda þegar kemur að því að gera æfingatöflu, ekki síst þegar því er bætt við að Breiðablik þyrfti fleiri tíma í knattspyrnuhöllum bæjarins.

Aðstaðan í Kópavogi er glæsileg. Tvær knattspyrnuhallir og tveir gervigrasvellar utanhúss. Þrátt fyrir þessa glæsilegu aðstöðu þá er verulega þröngt um iðkendum Breiðabliks. Frá síðustu áramótum hefur Kópavogsbær tekið tímamót á milli kl. 20 og 21 á virkum dögum af bæði HK og Breiðabliki í Kórnum og Fífunni. Þetta þýðir að Breiðablik hefur misst 6 klukkustundir á heilum velli á viku þegar félagið hefði frekar þurft 6 klukkustundir aukalega. Ástandið er því erfitt og nánast ómögulegt að setja saman æfingatöflu sem meirihluti foreldra eru ánægðir með.

Þegar deildin er borin saman við knattspyrnu-deild HK kemur í ljós að í Breiðabliki eru 71% af



iðkendum sem stunda knattspyrnu í Kópavogi. Á sama tíma fær Breiðablik úthlutað 58% af æfingatímum á knattspyrnuvöllum Kópavogsbæjar yfir vetrartímann.

Þegar 7., 6., 5. og 3. flokkur drengja stunda æfingar þarf að skipta hópnum í þrennt vegna fjölda iðkenda. Það þýðir að einn æfingadagur í þessum flokkum nær yfir þrjár klukkustundir. Í 4. flokki er hópnum skipt í fernt og stendur æfingin því yfir í fjórar klukkustundir. 4., 5. og 6. flokki kvenna er tvískipt á æfingum.

Þessar tölur sýna hversu óeðlilegt það er að Breiðablik fái ekki hærri hlutfeld af tímum í knattspyrnuhöllum bæjarins. Þegar tölur um nýtingu knattshallanna síðasta vetur eru skoðaðar þá kemur í ljós að nýting HK í Kórnum frá 15.00-18.00 er afar léleg. Taflan hér að neðan sýnir meðaltalsnýtingu frá janúar til apríl 2011 (fjöldi iðkenda á öllum völlum).

	Mán.	Pri.	Mið.	Fim.
	HK	Blikar	HK	Blikar
15.00-16.00	31	87	20	70
16.00-17.00	37	60	44	56
17.00-18.00	28	65	20	75

Á þessum tíma æfa iðkendum á aldrinum 6-14 ára. Það er athyglisvert að sjá að nýting HK spannar frá 20-44 iðkendur að meðaltali á meðan hún er frá 56-87 iðkendur hjá Breiðabliki. Ein af röksemdum gegn því að Breiðablik fái úthlutað tímum í samræmi við iðkendafjölda er sú að HK þarf visst marga tíma til að geta boðið öllum sínum iðkendum upp á eðlilegan fjölda æfinga vikulega. Þessi rök eiga vissulega rétt á sér. Hins vegar ef tekið er mið af nýtingu HK í Kórnum ætti að vera auðvelt að sameina æfingar og losa þannig tíma og pláss sem iðkendum Breiðabliks sárvantar. Tuttugu 7-8 ára krakkar á heilum knattspyrnuvelli í eina klukkustund er afleitt nýting.

Þessar tölur voru lagðar fyrir Íþrótt- og tómstundaráð Kópavogsbæjar (ÍTK). Í kjölfarið ákvað stjórn ÍTK að úthluta Breiðabliki 66% af æfingatímum í knatthöllum Kópavogsbæjar. Það þýddi að HK hefði þurft að eftirláta Breiðabliki 1 ½ æfingatíma

sem hefði dregið úr vanda Breiðabliks en ekki leyst hann. Bæjarráð felldi ákvörðun stjórnar ÍTK. Forsendurnar voru þær að ekki ætti að taka tillit til iðkendafjölda við úthlutun tíma á knattspyrnuvöllum meðan það væri ekki gert í öðrum greinum.

Flestir flokkar Breiðabliks æfa á þremur mismunandi völlum. Æskilegast væri að hverfisskiptar æfingunum í yngstu flokkunum, þannig að sem flestir gætu sótt æfingar nærri heimili sínu. Í dag er þetta einungis gert í 8. flokki og 7. flokki karla, en fórnarkostnaðurinn er að þar þurfa 50-80 iðkendum að æfa samtímis á hálfum velli. Annað dæmi um erfitt ástand er að finna í 5. flokki karla og kvenna. Þeir flokkar fá þrjár æfingar vikulega, í Fífunni, Kórnum og Fagralundi. Til samanburðar getur 5. flokkur HK boðið upp á fjórar æfingar vikulega, tvær í Kórnum og tvær í Fífunni. HK getur boðið upp á hverfisskiptar æfingar í 5. 6., 7. og 8. flokki karla.

Það er ljóst að miðað við úthlutun á æfingatímum í Kópavogi hefur Breiðablik ekki tók á að þjónusta sína iðkendum eins vel og HK.

Bestu kveður
Arnar Bill Gunnarsson
Yfirþjálfari yngri flokka



Jóhann Berg heimsóttur

Eins og flestir knattspyrnuáhugamenn vita þá spilar nú Blikinn geðþekki Jóhann Berg Guðmundsson með hollenska úrvalsdeildarfélaginu AZ Alkmaar. Hann hafði vistaskipti í janúar 2009 eftir frábært tímabil með Blikaliðinu. Jóhann Berg spilaði að mestu með varaliði AZ Alkmaar tímabilið 2009-2010 en á þessu keppnistímabili hefur hann smám saman verið að vinna sér fast sæti í byrjunarliðinu. „Mér líður mjög vel hér og þetta er allt að þróast eins og ég stefndi að“, sagði Jóhann í samtali við útsendara blikar.is fyrr á þessu ári.

Jóhann Berg hefur komið

sér vel fyrir í notalegu raðhúsi í úthverfi Alkmaarborgar. Borgin er í norð-vesturluta Hollands í um 45 mínútna lestarferð frá Amsterdam. Íbúar Alkmaar eru um 100 þúsund og er borgin einkum þekkt fyrir knattspyrnuliðið og ostaframleiðslu. Mikill knattspyrnuáhugi er í Alkmaar og er nánast alltaf uppselt á leiki liðsins á heimavelli en leikvangurinn tekur um 17 þúsund manns. Útsendari blikar.is getur staðfest að Jóhann er greinilega orðinn þekktur í borginni því á rölti um miðbæinn voru margir sem snéru sér við til að berja knattspyrnumanninn unga augum og þó nokkuð

margir vildu spjalla við kappann um komandi leik við Ado den Haag um kvöldið. Því miður voru smávægileg meiðsli að hrjá Jóhann Berg og því gat hann ekki spilað þennan leik.

Leikmannahópur AZ Alkmaarsliðsins er mjög alþjóðlegur. Leikmennirnir koma meðal annars frá Danmörku, Svíþjóð, Belgíu, Mexíkó, Paraguay og Finnlandi. Minnihluti leikmannanna kemur frá Hollandi og segir Jóhann að yfirleitt séu ekki nema 2-3 innfæddir í liðinu. Það trufli þó ekki áhangendur liðsins. „Knattspyrnan er orðin svo alþjóðleg-, segir

hann. „Eina krafa aðdáenda liðsins sé að leikmenn standa sig vel á vellinum.“ Jóhann segir að unglingastarfið sé nokkuð gott hjá klúbbnum. „Að vísu eru ekki margir að spila með AZ Alkmaar eins og staðan er í dag en margir leikmenn eru í atvinnumennsku viðs vegar í Evrópu.

Jóhann Berg er fæddur árið 1990 og er því 21 árs á þessu ári. Hann var einn af lykilmönnum í hinu frábæra U-21 árs landsliði Íslands sem spilaði til úrslita á Evrópumótinu í þessum aldursflokki í Danmörku síðastliðið sumar. Einnig hefur hann unnið sér sæti í íslenska A-landsliðinu og hefur staðið sig þar mjög vel.

Kópavogsbúinn ungi er einhleypur en foreldrar hans og vinir eru þó duglegir að heimsækja hann til Hollands. Ekki segist hann þó vera einmana þrátt fyrir að búa einn. „Liðið æfir á hverjum degi og stundum tvisvar á dag þannig að það heldur manni uppteknum. Svo er ég mikið í sambandi við fjölskyldu mína og vini á Íslandi í gegnum Facebook og Skype. Jóhann segir verið orðinn þrælklár á þvottavélina en eldarmennskan sé eitthvað sem eigi eftir koma. „Þess vegna



er voða gott þegar mamma kemur í heimsókn því þá fæ ég heimilislegan mat,“ bætir hann við hlæjandi. Íslendingurinn og jafnaldri Jóhanns, Kolbeinn Sigþórsson, spilaði einnig með hollenska liðinu og eins og gefur að skilja voru þeir Íslendingarnir nokkuð mikið saman. Kolbeinn er hins vegar horfinn á braut til Ajax í Amsterdam þannig að nú er lengra á milli drengjanna.

Það eru ekki allir sem vita að Jóhann Berg flutti með foreldrum sínum 14 ára gamall til Englands og komst að hjá unglingaliði Chelsea. Dvölin var þó ekki mjög löng þar og skipti hann yfir til nággrannanna hjá Fulham. Þar spilaði hann við ágætán orðstý í 2 ár en lenti þá í því að slíta krossbönd í hnénu. Þá tók við löng endurhæfing sem tók

nokkuð á hinn unga og stundum óþolinmóða Blika. „Fulham reyndist mér afskaplega vel í þessu meiðslabasli mínu og hugsa ég alltaf hlýlega til félagsins,“ segir Jóhann, „Ég þurfti hins vegar að byrja upp á nýtt og taldið því rétt að koma aftur heim í Blikana. Ég byrjaði fyrsta að æfa undir stjórn hins frábæra þjálfara Péturs Péturssonar í 2. flokki en tókst fljótlega að vinna mér sæti í meistaraflokki félagsins. Næstu skref kannast flestir við. Jóhann Berg spilaði frábærlega með meistaraflokknum og vann sér sæti í yngri landsliðum Íslands. Svo var hann valinn í A-landslið Íslands aðeins 17 ára að aldri. Þá þegar höfðu mörg erlend lið haft augastað á honum m.a. þýska liðið Hamborg og

ýmsir klúbbar á Norður-löndunum. En að lokum samdi Blikinn efnilegi við AZ Alkmaar og hélt í viking í byrjun árs 2009.

Þegar Jóhann er spurður hvar hann sjái sjálfan sig eftir 5-7 ár verður hann aðeins hugsir; „Þó svo að ég sé ánægður hjá AZ Alkmaar þá er stefnan auðvitað að komast að hjá stærra liði. Það væri gaman að komast að hjá góðu liði í þýsku eða ensku deildinni. Aðalatriðið er hins vegar að standa sig vel hjá núverandi liði og með íslenska landsliðinu. Þá opnast ýmsir möguleikar og það er um að gera að grípa þá þegar færi gefst,

Þrátt fyrir að Jóhann hafi ekki spilað með Blikaliðinu í 3 ár fylgist hann vel með íslenska boltanum. Ég er í góðu sambandi við strákana í liðinu meðal annars

Gumma Kristjáns og Kidda Steindórs. „Auðvitað hefur maður smá áhyggjur út af frekar slöku gengi liðsins síðastliðið sumar en ég held að strákarnir læri af þessu. Ég er því fullviss að Blikaliðið kemur sterkt til leiks næsta sumar.”

Jóhann Berg segir það mikilvægt fyrir ungt knattspyrnufólk að eiga sér draum og þora að láta hann rætast. „Auðvitað komast ekki allir að sem atvinnu-menn en það má aldrei gefast upp. Mikilvægt er að æfa vel, stunda heilbriggt lífverni og gera alltaf aðeins meira á æfingum en þjálfarinn fer fram á. Það eru nefnilega ekki æfingin sem skapar meistaran, heldur aukæfingin! segir þessi ungi og efnilegi Bliki.



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

– samtök félaga í efstu deild karla í knattspyrnu

Félögin tólf í efstu deild karla stofnuðu á vormánuðum félagið Íslenskur Toppfótbolti ~ samtök félaga í efstu deild karla í knattspyrnu. Félagið er hagsmunasamtök þeirra félaga sem reka lið í Pepsí-deild karla í knattspyrnu. Félagið byggir á grunni Félags formanna í efstu deild karla sem hefur starfað síðan 1994.

Tilgangur Íslensks Toppfótbolta er að skapa félögunum sem best rekstrarskilyrði og stuðla að vexti og framgangi íslenskrar knattspyrnu. Forsenda þess er að metnaður verði lagður í að styrkja og bæta

efstu deild karla í knattspyrnu. Toppfótbolti skal vinna að þessum markmiðum í samvinnu við Knattspyrnusamband Íslands, alþjóðleg knattspyrnusambönd, erlend samtök knattspyrnuliða og

önnur knattspyrnufélög í landinu. Til að ná framan-greindum markmiðum skal Toppfótbolti taka þátt í markaðsstarfi, þ.m.t. samningsgerð við fjölmiðla, auglýsendur, styrktaraðila og aðra viðsemjendur, eftir föngum í samstarfi við Knattspyrnusamband Íslands og knattspyrnufélög í landinu.

Fyrirmyndin er m.a. sótt til Norðurlandanna þar sem sambærileg hagsmunasamtök hafa starfað árum saman. Slík samtök hafa náð umtalsverðum árangri í framgangi knattspyrnunar í viðkomandi löndum.



Egill Þorsteinsson.

Meðlimir í Íslenskum Toppfótbolta eru félög sem eiga lið í efstu deild karla í knattspyrnu á hverjum tíma. Aðildarfélag sem falla úr efstu deild eiga aukaaðild árið eftir fall. Félag sem komast upp í efstu deild geta sótt um fulla aðild að samtökunum strax að loknu keppnistímabili en ekki er skylduaðild að samtökunum.

Egill Þorsteinsson

Símamótið 2011



Símamótið var haldið í Kópavoginum dagana 14.-17. júlí 2011. Mótið er haldið ár hvert fyrir stúlkur í 5., 6. og 7. flokki kvenna. Mótið í ár var það

skrúðgöngu fimmtudagskvöldið 14. Júlí. Keppni hófst að morgni föstudags. Mótsslit voru síðan síðdegis sunnudaginn 17. júlí.

Óhætt er að segja að

bæjarstjóri Kópavogs setti, Símamótið 2011 að viðstöddu fjölmenni á fimmtudagskvöldinu. Þátttakendur á mótinu gengu að vanda fylktu liði frá Digraneskirkju

vakti mikla kátínu, Charlotte Lade sýndi listir sínar og stelpurnar sungu svo hástöfum með þeim Gunna og Felix.

Keppni hófst á föstudeginum 15. júlí og voru allar sáttar í lok dags eftir vel heppnaða byrjun á Símamótinu.

Laugardagurinn rann upp með heljarinnar dagskrá sem hófst að mestu eftir keppni dagsins.

Atvinnukonan Charlotte Lade frá Tottenham mætti á mótssvæðið á laugardaginn og sýndi þáttakendum ótrúleg tilþrif. Stelpurnar voru mjög hrifnar af æfing-



26 í röðinni. Alls voru 168 lið frá um 32 félögum skráð til leiks og iðkendur voru um 1300 talsins og mótið því það stærsta sinnar tegundar hér á landi.

Dagskráin hófst með

veðrið hafi verið glæsilegt alla mótisdagana og fjöldi þeirra sem lögðu leið sína í Kópavoginn á mótið hafið verið svipaður því sem kemur á góða þjóðhátíð.

Guðrún Pálsdóttir,

og enduðu á Kópavogsvellinum þar sem Gunni og Felix og full stúka af foreldrum tóku vel á móti þeim. Willy trúður brá á leik og





um hennar og löng röð myndaðist þegar hún byrjaði að gefa eiginhandar-áritanir.

Meistarflokkur Breiðabliks kvenna grillaði svo fyrir keppendur, þjálfara og lið-



stjóra í blíðskaparveðri rétt áður en leikur Landsliðsins og Pressuliðsins fór fram. Hart var barist og leikurinn var frábær skemmtun og mátti sjá ótrúlega takta hjá leikmönnum beggja liða. Síamótspæjurnar í stúk-unni létu ekki sitt eftir liggja

og voru duglegar að hvetja bæði liðin og skemmtu allir sér konunglega. Þegar flaut-að var til leiksloka hafði Landsliðið náð að skora tvö mörk, en bæði lið stóðu sig frábærlega.

Eftir leikinn á laugardagskvöldið var svo haldin þrususkemmtileg kvöldvaka í Smáranauum. Björgvin Franz mætti á svæðið ásamt dvergnum Dofra og úlfinum úr Stundinni okkar. Þeir sungu fyrir stelpurnar sem tóku vel undir og dönsuðu þær Heimferðardansinn af mikilli innlifun. Haffi Haff steig svo á svið og náði hann vel til stelpnanna með söng sínum og dansi. Jón Jónsson mætti svo og söng með stelpunum og þau bjuggu m.a. saman til nýja texta fyrir 2 erlend lög.



Það má þó segja að einn keppandi Síamótsins hafi stolið senunni þegar hún kom á sviðið og rapaði hluta lagsins Baby við mikla hrifningu hinna stelpnanna.

Keppni lauk á sunnudeginum í frábæru veðri líkt og fyrri keppnisdaga. Óhætt er að segja að allar hafi farið sáttar heim frá Síamótinu.

Öll úrslit, myndir og allar frekari upplýsingar er hægt

að finna á vef síamótsins www.simamotid.is

Knattspyrnudeild Breiðabliks vill þakka öllum þeim fjölmörgu sjálfboda-liðum sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti og vonast til að sjá sem flesta á næsta ári.

*Með samstarfskveðju
Jón Berg Torfason
Mótsstjóri*







Dagur-Tíminn

Langardagur 16. ágúst 1997

GRÆNT NÚMÉR:
800 70 80

Dagur-Tíminn
– besti tími dagsins!

ÍÞRÓTTIR

Meistararakonur í Kópavogi

Norðurlandamót meistaraliða kvenna stendur nú sem hæst í Kópavoginum. Gestgjafarnir, Breiðablik, hafa náð besta árangri sínum til þessa í mótinu.

Röðlaopprinnar lauk í gær og þegar blaðið fór í prentun voru úrslit ráðin í A - riðli þar sem röð liðanna var þessi:

1. Fortuna Hjörning
2. Ásbjör
3. KSÍ - Úrval

Í B-riðlinum var allt í járnum. Í fyrsta leik vann SK Trondheims Breiðablik, 0-3 og í næsta leik vann Breiðablik HJK Helsinki 3-0. Þegar blaðið fór í prentun stóð yfir leikur HJK Helsinki og SK Trondheims. Fari svo að flannu stólkurnar vinna 3 - 0 verður staða allra liðanna knúf jöfn. Forsvarsmenn mótins vildu ekki hugsa þá hugum til onna hvað yrði þá til brugs tekið. Guðmark eða vílaspyrnukeppni er illu-ráðanleg milli þriggja liða.

Mótið hefur í alla stöð farið mjög vel fram og Blík-um til mikils sóma. gþ



Á Íslandi er vaðrið stórt vort, þara mjaðstaka gott, típenlir ávarfendur kunna að klæðu sig eftir vaðri.



Hjörpin Blíkastelpa fylgist með fagnandi Norðum.



Blíkastelpur í bardutta við SK Trondheim. Þær mættu snella sig við 0 - 3 tap.

Lena Larsson, dómari, átti ekki í orðaleikum með að þetta Blíkastelpur og Kára Gunnlaugssonar stóð- andómara sína. Lena er netfella Grýggu- vörður sinnu kunn- umgönguanna í Kóp- avogi í Stokkhólm.

A myndinni hér til hægri eru stelpurnar í 6. flokki Breiðabliks sem sigruðu glæsilega á Gullmánu. Hér eru þær að tagna þessum frábæra árangri sem þær mugu vera áhragar með. Á sjálflegðu var hlakudýrð með á myndinni.

Á myndinni fyrir neðan er sigurlið Breiðabliks í 4. flokki og ermið minna að þær séu hver annari áhragri. Eftir að hafi vinstri: Hlín Gunnlaugsdóttir, Anna Birna Þorvarðsdóttir, María Erla Kjartansdóttir, Elína Harðardóttir, Elva Benedíktisdóttir. Hósti með frá vinstri: Kristín Helga Guðmundsdóttir, Rósa Hugadóttir, Eydis Sigurðsdóttir, Jóhanna Rut Hauksdóttir, Svanlag Ingólfur.

DV-myndir: Ben



Þessar frömu knattspyrnustelpur úr Vestmannaeyjum komu, áttu og sigruðu í 5. flokki á Gullmánu um helgina. Talið frá vinstri: Elva María Káradóttir, Elína Viðarsdóttir, Hjóla Bir Hákardóttir, Kristín Elva Sigurðsdóttir, Sopa Hild Helgadóttir, Andriá Káradóttir og Anna Björk Guðjónsdóttir er fyrir miðju. Á myndina vantar Björgu Dögg Sigmarðsdóttir en hún varð fyrir þriðja á velli.

DV-myndir: Ben

Breiðablik sigursælt

– vann fjóra flokka af fimm í keppni A-liða

Óstilla á Gullmánu ríðast í umdæg og var hert barist í öllum flokkum. Breiðablik var áhersla í öllum flokkum og fór svo að liðar útskráðu fjóra flokka af þeim fimm sem keppt var í og undirrituðu þó hverum öðru tveimur flokkum starfshéttu.

Breiðablik í 6. flokki keppti sem sigurvegari í 2. flokki. Keppt var í öllum ríðum og vann Breiðablik í mótum með 10 stigum, sama stígfélaga og Breiðablik 3 en hlautstærri markaðu. Hlín Hlínarson með 9 stig en Leifur var með besta markaðu og varð þriðji í þriðja sæti.

Breiðablik tryggði sér einnig sig

ur í 2. flokki en í undirritunum voru Breiðablik 1 og 2 og síðan þó frá Akureyri. Breiðablik í vana báða sín liði. Þó, AK, og Breiðablik 2 hlutu síðan um annað sætið og endaði leikurinn með jafntölum en þó endaði í öðru sæti vegna betri markaðu. Þó vann þessum flokki sáasta sigur.

Breiðablik hlaut nokkra yfirburði í 4. flokki og vann liði sínu í undirritunum óvæglega enda markar þessir flokkar sigluar í flokkum sem eiga hjarta framtíð í heilum. KR varð í öðru sæti og Sigurinn í þriðja.

Því vann 1. flokki eftir óstilla-

leik við Breiðablik. Því vann einnig Val í undirritunum og hlaut anna Val í liði um annað sætið.

Þó var enginn ástíðinn sem fylgdist með 6. flokki og óvæglega gaman að sjá þessar unga dætur eiga koppi saman. Leikur KR þessum að Breiðablik með eftir sem sigurvegi eftir sigur í lokaleiknum við Grindavík.

Háttvísirverðlaun veitt

Í mótum voru veitt háttvísirverðlaun. Grindavík fékk 16 flokki, Sölva 13 flokki, Fram 14 flokki, Bjarnar 13 flokki og HÍ/Biolingur 12 flokki.

Melkorka Helgadóttir, leikmaður sigurliðs Breiðabliks í 3. flokki Erum með margar jafnar og góður stelpur

Melkorka Helgadóttir, leikmaður 3. flokks Breiðabliks, er ein af mörgum stöðugum stölpum sem Breiðablik hefur. Hún gaf sér stundina til að taka við hlakudýrð eftir að hún var á liðum liðs Breiðabliks með sigur af liðum í 3. flokki.

Við ummánu alla leikina. Eftir að leikurinn var á milli Breiðabliks 2 en það eru stölpurnar sem eru á þessum liði í þriðja flokki. Við sem eru á öðrum liði eru stölpurnar. Eftir að þær á yngri áttu 1988. Þó að við höfum verið alla leikina vort stölpur þó hafi á milli.

Öðru leikur einnig gegnið vel á

leikunum og eru í öðru sæti eins og er. Þó eru 6-7 undirlið eftir en þær að þessu liðum við þetta eftir jafntölum og ummánu alla leikina.

Margar frambærilegar

Er hún var spurt hvern liði með sögulega á að komast í landsliðið eða þessum liði, sem valdi er allur í 3. flokki komast í landsliði, átti hún ekki von á því.

„Ég vona að það verði okkur á Breiðabliki valdið í komast hvern liði en sjálf á ég ekki von á því að komast. Eftir okkur er mjög jafnt og engar annar slá milli okkur.“

þessum. „Ég myndi segja að allar í liðinu séu góðar. Við eru 19 liði og sem stölpur og allar nokkuð frambærilegar. Við vorum fleiri þegar við vorum yngri en síðan hlaut Breiðablik með áttum sínu og þessum og þessum.“

Komst í landsliðið

Melkorka var síðan valin í Landsliðið sem valdi var eftir mótum og 14. gætt þessum liðum. Alla voru sex leikmenn valdir frá Breiðabliki og öðru liðum þessum leiknum í liðum tveimur.

–Ben



Melkorka er hlað hægri megin ásamt Míka sínum úr Breiðabliki

DV-myndir: Ben

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar fór fram í Smáranum laugardagskvöldið 1. október. Vörður tryggingar bauð upp á fordrykk og þeir Kristján Ingi Gunnarsson og Vignir Rafn Valþórsson skemmtu Blikum. DJ Fox sá um að þeyta skífum og dönsuðu kátir blikar fram á nótt. Landsbankinn bauð upp á verðlaunaafhendingu og eftirfarandi leikmenn hlutu viðurkenningu fyrir frábæra frammistöðu í sumar. Knattspyrnudeildin óskar þeim til hamingju með viðurkenninguna og hvetur Blika til að fylgjast vel með þeim í framtíðinni!

2. flokkur kvenna. Mestu framfarir: Rebekka Katrín Arnþórsdóttir

2. flokkur kvenna.
Leikmaður ársins: Tinna Björk Birgisdóttir
2. flokkur kvenna.
Leikmaður leikmannanna: Tinna Björk Birgisdóttir

2. flokkur karla. Mestu framfarir.: Arnór Bjarki Hafsteinsson
2. flokkur karla. Leikmaður leikmannanna: Orri Steinar Steingrímsson
2. flokkur karla. Leikmaður ársins: Hilmar Freyr Bjartþórsson

Meistaraflokkur karla.
Leikmaður ársins: Kristinn Steindórsson
Meistaraflokkur karla.
Leikmaður leikmannanna: Kristinn Steindórsson
Meistaraflokkur karla.
Efnilegasti leikmaðurinn: Árni Vilhjálmsson

Meistaraflokkur kvenna.
Leikmaður ársins: Fanndís Friðriksdóttir

Meistaraflokkur kvenna.
Efnilegasti leikmaðurinn: Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir



BronsBlikar; f.v. Friðrik Haraldsson, Erik Yeoman, Magnús Reynisson og Haukur Ingi Jónsson.

Meistaraflokkur kvenna.
Leikmaður leikmannanna: Hlín Gunnlaugsdóttir

Þá hlutu eftirfarandi bronsmerki knattspyrnudeildar fyrir sjálfbóðaliðastörf í þágu deildarinnar.

Þeim er kærlega þakkað fyrir framlag sitt og verða þekktir sem bronsblikar hér eftir!

Friðrik Haraldsson, Erik Yeoman, Magnús Reynisson, Haukur Ingi Jónsson. Aðrir sem hlutu

bronsmerki en eru ekki á mynd: Agnar Óskarsson, Sigurður Markússon, Skarphéðinn Ómarsson, Gylfi Steinn Gunnarsson, Vilhjálmur Sigurðsson og Marínó Njálsson.



Verðlaunahafa í meistara- og 2. Flokki karla og kvenna: f.v. Rebekka Katrín Arnþórsdóttir, Tinna Björk Birgisdóttir, Arnór Bjarki Hafsteinsson, Orri Steinar Steingrímsson, Hilmar Freyr Bjartþórsson, Kristinn Steindórsson, Árni Vilhjálmsson, Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir og Hlín Gunnlaugsdóttir.



GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI



lfö

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Old-boys Íslandsmeistarararar enn og aftur!

Að vanda stóðu eldri flokkar Breiðabliks sig frábærlega eins og undanfarin ár. Yngstu drengirnir (30+) fóru taplausir í gegnum mótið og stóðu uppi sem Íslandsmeistarar 2011. Guldrengirnir í 40+ A unnu A-riðilinn örugglega en töpuðu naumlega í undanúrslitum. 40+ B byrjuðu rólega en voru síðan nánast ósigrandi í síðari hluta mótsins. Liðið lenti í 3. sæti í riðlinum og er það besti árangur liðsins frá upphafi.



Íslandsmeistarar í Oldboys 30+ 2011 með fullt hús stiga ;-)

Efsta röð frá vinstri: Ásgeir Baldurs, Arnar Arnarson, Guðmundur Örn Guðmundsson, Kjartan Freyr Ásmundsson, Elvar Guðmundsson, Eyþór Sverrisson

Miðjan frá vinstri: Kristófer Skúli Sigurgeirsson; Hákon Sverrisson; Ásmundur Arnarsson; Heiðar Austmann, Jón Gunnar Geirdal, Hjalti Kristjánsson

Neðsta röð frá vinstri: Hreiðar Þór Jónsson, Benedikt Nikulás Anes Ketilsson, Böðvar Jónsson, Ívar Sigurjónsson, Hjörvar Hafliðason, Björn Skúlason, Guðmundur Páll Gíslason

Á myndina vantaði: Kjartan Antonsson, Arnar Halldórsson, Grétar Már Sveisson, Jóhann Ottó Wathne, Atli Knútsson.



Fyrsta keppnislíð old-boys í 50 ára flokki sumarið 2011:

Efri röð f.v. Marteinn „Giggs“ Sigurgeirsson, Hilmar Malmquist, Arnór Guðjohnsen, Sigurður Geirsson, Björn Þór Egilsson, Kristmundur Árnason, Guðmundur Fr. Jónasson.

Neðri röð f.v. Arnþór Þórðarson, Haukur Arason, Jóhann Grétarsson, Ingólfur Proppé, Björn Hilmarsson og Andrés Pétursson. Á myndina vantar Jón Jónasson, Pavol Kretovic og Ómar Torfason.

Breiðabliks tók að sjálf-sögðu þátt í fyrsta Íslandsmóti fyrir 50 ára og eldri. Framan af móti var liðið í toppsætinu en gaf eftir á lokasprettinum og lenti í 2. Sæti. Silfur í fyrstu tilraun er ekki slakur árangur og má búast við miklu af liðinu næsta sumar því margir sterkir knattspyrnumenn eru nú að ganga upp í þennan flokk.

Framtíðin er því björt hjá eldri flokki Breiðabliks. Æfingar eru vel sóttar og má búast við að sjá leikmenn í græna búningnum allt fram á grafarbakkan.



ENGIR TVEIR ERU EINS

Engir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins. Þetta skiljum við hjá Verði og þess vegna viljum við kynnast viðskiptavinum okkar betur. Við lærum að þekkja þá svo að þeir fái örugglega þá þjónustu sem þeim hentar.

Við viljum sjá til þess að þú sért með réttu tryggingarnar, hvort sem um er að ræða líf- og heilsutryggingu, tryggingu fyrir húsið, bílinn eða fyrirtækið.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR



Knattspyrnuskóli Tottenham Hotspur í samstarfi við Breiðablik



Breiðablik ákvað þá nýbreytni að fara í samstarf við enska knattspyrnufélagið Tottenham Hotspur um að starfrækja knatt-

spyrnuskóla fyrir iðkendur félagsins í byrjun sumars 2010.

Formaður unglingaráðs knattspyrnudeildarinnar

hafði frumkvæði að þessum samskiptum og samningar tókust og hingað til lands komu fjórir þjálfarar frá félaginu. Þeir Andy Rogers,

Alex Maton, Ron Jones og Taylor Sinfield komu og dvöldu í góðu yfirlæti þær tvær vikur sem námskeiðin stóðu. Einnig voru þjálfarar frá Breiðabliki starfandi við námskeiðið.

Boðið var uppá einnar viku námskeið og voru haldin tvo slík. Frá 6-10. júní og frá 13-17. júní. Samtals fjögurra tíma fótboldi á dag þar sem lögð var áhersla á áræðni, hraða og nýbreytni í æfingum. Markmannspjálfun var á báðum námskeiðunum og sáu markmannspjálfi Breiðabliks og markmenn meistaraflokks um þann hluta.

Í lok dags var svo boðið uppá glænýja ávexti sem mæltist vel fyrir hjá iðkendum.

Var það samdóma álit flestra að vel hafi tekist til





og allir farið heim sáttnir að námskeiði loknu. Í námskeiðslok var svo grillveisla og bolur afhentur og tekin var mynd af hópnum.

Þjálfararnir frá Tottenham voru mjög hrifnir af getu iðkendanna í Breiðabliki. Þeir voru einnig mjög ánægðir með aðstöðuna og töluðu oft um hversu heppnir iðkendur okkar væru að eiga kost á að æfa við bestu mögulegu aðstæður. Voru þeir afar hrifnir af landi og þjóð og hlökkðu mikið til að koma á næsta ári.

Ætlunin er að halda uppteknum hætti og vera með slíkan knattspyrnskóla áfram sumarið 2012. Munum við leitast við að auka gæðin í námskeiðunum og gera betur en á síðasta ári í framkvæmd og skipulagningu.

Nánari upplýsingar og skráningarform verður kynnt innan skamms á vef félagsins http://www.breidablik.is/knattspyrna/knattspyrnuskoli_tottenham/ og póstur sendur út samhliða til allra iðkenda knattspyrnudeildarinnar. Hægt er að senda fyrirspurnir á tottenhamskolinn@gmail.com en skólinn verður haldinn í seinni hluta júlí árið 2012.

Unglingaráð
Knattspyrnudeildar
Breiðabliks vill þakka
eftirtöldum aðilum fyrir
veittan stuðning

Iceland Express
Síminn
Hótel
Óðinsvé
Avis

Seníu
Signature húsgögn
Altis
Lifandi
Markaði



Augnablik tímabilið 2010-2011

Eftir heldur brösuð gengi Augnabliks undanfarin ár var ákveðið að leggja mun meiri metnað í starfið. Á haustmánuðum var tekin ákvörðun um að koma á betra samstarfi milli Breiðabliks og Augnabliks. Þjálfarar 2. flokks karla þeir Einar Ólafsson og Ólafur Brynjólfsson tóku að sér þjálfun félagsins samhliða starfi sínu sem þjálfarar 2. flokks karla hjá Breiðabliki. Æfingasókn var mjög góð alveg frá byrjun og mikill hugur í mönnum að gera betur en áður. Þó nokkrir leikmenn sem gengu upp úr 2. flokki hófu æfingar með Augnabliki. Æfingar voru nokkuð stífar frá byrjun. Þrisvar sinnum í viku var æft á velli og svo var útihlaup einu sinni í viku.

Eftir áramót gengu nokkrir reynslumiklir leikmenn til liðs við Augnablik og áttu þeir eftir að styrkja hópinn mikið fyrir komandi átök. Liðið tók þátt í C-deild Lengjubikarsins og vann riðilinn sinn nokkuð sannfærandi með 4 sigurleikjum og markatöluna 16-3.

Augnablik-Grundarfjörður 5-2

Augnablik- Kári 3-0

Augnablik-Álftanes 2-1

Augnablik-Skallagrímur 6-0

Í undanúrslitum mættum við liði Ýmis og unnum þann leik 2-0. Í úrslitaleiknum mættum við liði Bjarnarins og töpuðum naumlega 0-1.

Sá tapleikur kom mönnum niður á jörðina og framundan var Íslandsmótið.

Augnablik dróst í A-riðil 3.

deildarinnar ásamt Víði, KFG, KB, Markaregni, Vængjum Júpiters, Þrótti Vogum og Stál-Úlfi.

Þar spilaði liðið 14 leiki; vann 11 gerði eitt jafntefli og tapaði tveim og endaði í fyrsta sæti riðilsins með markatöluna 57-11. Það var því ljóst að Augnablik var á leið í úrslitakeppni í fyrsta skipti. Áhugi jókst mjög mikið bæði hjá Blikum og Kópavogsbúum á gengi liðsins og mættu oft fjölmargir áhorfendur á leiki liðsins. Tveir leikmenn voru fengnir á miðju tímabili að láni frá meistarflokki Breiðabliks til að styrkja liðið, þeir Bjarki Aðalsteinsson og Sverrir Ingi Ingason og stóðu þeir sig mjög vel með liðinu og fengu dýrmæta reynslu sem vafalaust

á eftir að nýtast þeim í framtíðinni. Þá spiluðu nokkrir leikmenn úr öðrum flokki Breiðabliks einnig með Augnabliki.

Í úrslitakeppninni mættum við liði KV og duttum út eftir dramatískan leiki þar sem útivallarmark kastaði liðinu úr keppninni. Gríðarlega svekkjandi og menn voru lengi að sleikja sárin en þó staðráðnir í að gera enn betur næsta sumar.

Það er alveg ljóst að lið Augnabliks er komið til að vera í Kópavoginum og líklegt til að láta að sér kveða á komandi árum. Búið er að endurráða Ólaf Brynjólfsson sem aðalþjálfara og honum til aðstoðar verður Jóhann Hreiðarsson.

Öflugur Blikaklúbbur



Blikaklúbburinn var að vanda öflugur í bakvinnslu í starfi knattspyrnu-deilda Breiðabliks. Í ár voru Blikaklúbbarnir tveir, bæði Blikaklúbbur karla og Blikaklúbbur kvenna, sameinaðir undir eina stjórn. Heppnaðist sú sameining ágætlega og var nýja stjórnin samhent í þeim uppákomum sem staðið var fyrir síðasta sumar.

Klúbburinn óx og dafnaði á árinu og stóð meðal

Hluti stjórnar Blikaklúbbsins tímabilið 2011-2012.

Guðmundur Jóhannesson, Björn Hilmarsson gjaldkeri og Björgvin Rúnarsson.

Andrés Pétursson formaður og Borghildur Sigurðardóttir varaformaður. Fjarverandi voru Sigrún Óskarsdóttir, Haukur Valdimarsson, Jón S Garðarsson og Ólafur Sigtryggsson.

annars fyrir því að verslun var opin með Blikavörur á öllum heimalaikjum karla og kvenna síðastliðið sumar. Einnig bar klúbburinn hita og þunga af starfsemi sva-kallaðrar Stór-Blikastúku sem var komið var á laggirnar síðasta sumar.

Þrátt fyrir að ekki hafi gengið eins vel á knattspyrnuvelli hjá meistara-flokkunum síðasta sumar eins og oft áður þá stóð klúbburinn sína plikt. Auðvitað má alltaf bæta ýmislegt í starfinu en klúbburinn lærði mikið í sumar. Það er því öruggt að Blikaklúbburinn ætlar að halda áfram að standa vel við bakið á starfsemi knattspyrnu-deilda á komandi leiktið eins og hann hefur gert undanfarin ár.

Frábært árgangamót



1961 Sigurvegarar eldri hópsins . F.v. efri röð; Ólafur Börkur Þorvaldsson, Þorkell Guðmundsson, Björn Jónsson, Guðmundur Fr. Jónasson og Björn Þór Egilsson. Neðri röð; Björn Hilmarsson, Jóhann Grétarsson, Arnór Guðjohnsen, Haukur Arason og Andrés Pétursson



1977-78. Sigurvegarar yngri hópsins; Efri röð f.v. Kjartan Ásmundsson, Eypór Sverrisson, Heiðar Austmann, Hjalti Kristjánsson. Neðri röð f.v. Freyr Brynjarsson, Grétar Sveinsson, Guðmundur Örn Guðmundsson og Þór Tjörvi Þórsson

Áð vanda hélt knattspyrnudeild Breiðabliks árlegt árgangamót sitt í lok apríl 2011. Meðþáttaka var á mótinu og tóku hvorki fleiri né færri en 15 árgangar þátt í mótinu. Að þessu sinni var skipt upp í eldri og yngri hóp. Í eldri hópnum spiluðu árgangar 1961-1964 og í yngri hópnum frá 1965-1983.

Í eldri hópnum kom elsti árgangurinn, 1961, skammtilega á óvart og lagði meðal annars hinn öfluga 1962 árgang að velli. Að lokum stóðu elstu drengirnir uppi sem sigurvegarar og hlýtur það að ýta undir yngri liðin að koma öflugri til leiks á næsta ári.

Í yngri hópnum var baráttan geysilega hörð. Þar var ekkert gefið eftir og 1972 árgangurinn sem hafði unnið mótið tvö undanfarin ár reyndi mikið til að verja titilinn. En það tókst ekki því blandað lið 1977-78 árganganna reyndist fremst meðal jafningja og hampaði bikarnum í lok mótsins.

Um kvöldið mætti síðan flestir þessar síungu drengja á Herrakvöld knattspyrnudeildar og skemmti sér hið besta. Stefnt er að því að tengja þessa tvo atburði áfram saman þ.e. Árganga-mótið og Herrakvöldið, þannig að menn geti spriklað á knattspyrnavellinum og rifjað svo upp góða takta um kvöldið.



Silfur og brons í 2. flokki karla

Í 2. flokki karla voru strákar fæddir árin 1992, 1993 og 1994. Iðkendur flokksins voru yfir 50. Yfir veturinn létu þó yfir 60 drengir sjá sig á æfingum í 2. flokki karla. Aldursdreifingin var nokkuð jöfn hjá '92 og '93 árganginum samtals um helmingur iðkenda, hinn helmingurinn voru drengir fæddir 94.

Æfingasókn var mjög góð hjá þeim 50 strákum sem lögðu stund á fótboltann af alvöru og ástundun þeirra til fyrirmyndar. Yfir veturinn var æft 6-8 sinnum í viku og yfir sumarið 5-6 sinnum. Á

undirbúningstímabilinu var lagt upp með að hafa æfingarnar fjölbreyttar og komum við því víða við. Mættu strákarnir í Linda-skóla 1 sinni í viku, gerðu styrktaræfingar og spiluðu Futsal. Æft var 3-4 sinnum í viku á gervigrasi og lyftingar 1-2 sinnum í viku. Einnig var sund notað inná milli til að brjóta upp æfingaplanið.

Leikstíll 2.flokks þetta árið var að spila út frá vörn og ná að stýra flæði leiksins með áherslu á varnarleik, spil út úr vörn og sóknarleik. Unnið var með breyturarnar tvær tíma og svæði á æfing-

um og leikjum. Frábær stígandi var hjá flokknum á tímabilinu og framfarir miklar hjá leikmönnum.

Mót og leikir

2. flokkur karla tók þátt í ótal verkefnum á árinu. Tekið var þátt í öllum mótum á vegum KSÍ og spilaði 2.flokkurinn sem meistara-flokkur í Futsal og skilaði það flokknum ómældri reynslu. Yfir undirbúningstímabilið spilaði flokkurinn 42 leiki og voru skorud yfir 100 mörk í þeim.

Æfingaferð var farin til Víkur í Mýrdal í maí og það voru 43 strákar sem lögðu upp í þá ferð á einkabilum. Æft var frá fimmtudegi til sunnudags, alls 9 æfingar, æft var í tveimur hópum við toppaðstæður til að hámarka gæði æfinga hjá strákunum. Í Vík setti liðið sér markmið fyrir sumarið og völdum við okkur gildin okkar sem fylgdu liðunum í leikina yfir sumarið, þau voru:

Trú
Polinmæði
Sigurvilji
Stríðsandi



Guðmundur, Höskuldur og Hrannar



Hitað upp í Vík Mýrdal

Ferðin tókst að öllu leyti stórkostlega, strákarnir náðu vel saman og er það ekki nokkur vafi að sú gleði og vinnusemi sem einkenndi þessa ferð skilaði sér í frábærum árangri hjá 2. flokki karla sumarið 2011. Á laugardaskvöldinu hófst eldgos sem varð þess valdandi að hópurinn fór strax af stað á sunnudagsmorguninn í slæmu skygggi og með rykmökkinn á hælunum.

Íslandsmót og Visa-bíkar

Um sumarið var ákveðið að vera með tvö lið í Íslandsmóti KSÍ A-liða og eitt B-lið þannig að leikir flokksins fóru yfir 50 í sumar með góðu gengi.

Farið var í margar

skemmtilegar keppnisferðir á Ísafjörð, Sauðárkrók, Akureyri, Dalvík og fleiri skemmtilega staði. Spilað var á öllum þessum stöðum við toppaðstæður á aðal leikvöngum andstæðinga. Ómetanleg reynsla fyrir drengina að upplifa svona krefjandi keppniðstæður oft með yfir 100 áhorfendur á hliðarlínunni.

Öllum þremur liðunum gekk mjög vel og náðu liðin frábærum árangri, 2. eða 3. sæti í sínum keppnum og Breiðabliki til mikils sóma. Í A-riðli háði liðið mikla og harða baráttu við FH, ÍA og Víking um efsta sætið og að lokum urðu drengirnir í 2. sæti og er það afar góður árangur hjá þessu unga liði því 2. flokkur telur 3 ár og líkamsburðir hafa oft mikið

að segja þegar á hólminn er komið.

Í Visabíkar fór liðið í 4ra liða úrslit og datt út á Nettó vellinum í Keflavík í 3–4 tapi. Spilaðir voru 3 útileikir í bikar á móti geysisterkum liðum KR, Tindastóls og Keflavík sem hafa á að skipa mörgum góðum leikmönnum sem spila að staðaldri með meistaraflokki.

Silfur komið í hús eftir góðan sigur á móti Keflavík 5–1 í lok sept að loknu góðu og skemmtilegu keppnistímabili.

Besti leikmaður 2. flokks karla var valinn Hilmar Freyr Bjartþórsson.

Mestu framfarir í 2. flokki karla voru hjá Arnóri Bjarka Hafsteinssyni.

Leikmaður leikmannanna

var valinn Orri Steinar Skarphéðinsson.

Ánægjulegt ár má þakka mjög öflugum starfi í 2. flokki og metnaðarfullum þjálfurum, strákum með skýr markmið að leiðarljósi um að verða leikmenn framtíðarinnar.

Að lokum langar mig að þakka öllu því góða fólki, foreldrum, leikmönnum, umsjónarmönnum sem starfað hafa með mér undanfarin 7 ár við það að gera unga fólkið okkar að sterkari einstaklingum þegar út í lífið er komið.

Megi sjálftraustið vera sú stálfjöldur sem fær sérhvern knattspyrnumann til að öðlast sigurvilja

*Blikakveður,
Einar Ólafsson*

Þjálfari 2. flokks karla

Heimildamynd um sögu knattspyrnu-deildar Breiðabliks komin út!

Knattspyrnu-deild Breiðabliks hefur ráðist í það stórvirki að gera heimildarmynd um deildina frá upphafi. Marteinn Sigurgeirsson hefur tekið að sér að gera myndina en hann hefur kvikmyndað af og til starfsemi deildarinnar undanfarna áratugi.

Það má með sanni segja að Kópavogur sé knattspyrnubær og á knattspyrnu-deild Breiðabliks mjög stóran þátt í því. Í þessari glæsilegu heimildarmynd er fjallað um sögu deildarinnar frá upphafi og aðstöðu til knattspyrnuíðunar í bænum frá fyrstu árum.

Breiðablik stofnað árið 1950 og deildaskipting



var tekin upp 1957. Sparkvellir og tún voru víðsvegar um bæinn þar sem krakkar léku sér í fótbolta á þessum árum, jafnvel voru göturnar notaðar enda ekki mikið um bíla. Fyrsti völlurinn var

malarvöllurinn í Vallargerði sem var ólöglegur þegar meistaraflokkur vann sig upp í efstu deild 1970 og varð því að keppa á Melavellinum í Reykjavík þar til grasvöllurinn kom loks í Kópavogsdal 1975. Fyrsta íþróttahúsið var lítill íþróttasalur sem byggður var við Kópavogsskóla um 1960. Í dag búa Kópavogsbúar við glæsilegustu íþróttamannvirki landsins.

Í myndinni er einnig fjallað um Íslandsmótið og sigrana. Síamótunum og knattspyrnuíðkun yngri flokka eru gerð góð skil. Þá hefur mikið frumkvöðlastar í knattspyrnu kvenna verið unnið í Breiðabliki og er Breiðablik eina félagsliðið sem hefur verið með meistaraflokkslið í Íslandsmóti kvenna frá upphafi.

Afraksturinn hefur líka verið góður þar sem liðið hefur margt í gegnum tíðina orðið Íslands- og bikarmeistari. Sögu knattspyrnu-deildarinnar hin síðari ár er einnig gerð góð skil og er þar á meðal fjallað um glæsta síga meistaraflokks karla.

Allt þetta og margt fleira er að finna í þessu tímamótaverki. Að auki eru fjölmörg viðtöl við þá sem ruddu brautina sem gefur góða innsýn í tíðarandann og þær hindranir sem menn urðu að yfirstiga.

Hér er á ferðinni verðugt menningarefni sem fylgir sögu bæjarins og fjölbreyttu félagslífi.

Heimildarmyndin er til sölu í Smáranum og hjá yngri flokkum knattspyrnu-deildar Breiðabliks.



Bikarmeistaratitill í 3. flokki karla

Þjálfarar:

Tryggvi Björnsson, Kristinn Sverrisson og Úlfar Hinriksson þjálfuðu 3. flokk karla á tímabilinu.

Fjöldi drengja á æfingum:

Æfingar hófust í byrjun október og enduðu 13. september. Yfir 60 drengir hafa mætt á æfingar á tímabilinu. Þar af hafa um 50 mætt mjög vel, nokkrir drengir mættu á æfingar hluta af tímabilinu, aðrir hafa æft óreglulega og nokkrir hætt (sjá nafnalista í fylgiskjöllum).

Æfingartímar:

Flokkurinn æfði fótbolta 4x í viku og að auki voru reglulega hlaupaæfingar. Í Fífunni á sunnudags- og mánudagskvöldum. Á fimmtudagskvöldum vorum við í Fagralundi og á föstudögum vorum við í Kórnum. Oftast var hópurinn tvískiptur á æfingum en á hlaupaæfingum voru allir saman..

Fyrir utan æfingar hittist hópurinn reglulega og gerði margt saman. Farið var í sjósund um miðjan vetur. Félagsfræðingur hitti yngra

árs drengina og fór með þá í keppnir, nokkrir fóru á dómaramámskeið. Litlujólín voru haldin hátíðleg með hangiketi og uppstúf. KSÍ bauð drengjunum og foreldrum þeirra á A landsleik Íslands og Kýpur. Lokahóf flokksins var svo grillveisla þar sem umsjónarmenn grillaðu lamb og svínakjöt handa stráku- num.

Markmið flokksins:

Aðalmarkmið þjálfara var að sinna öllum leikmönnum með verkefnum við hæfi á æfingum og í leikjum.

Þáttaka í mótum:

Faxaflóamót vor:
A lið, 2 sæti í A deild
A2 lið, 8. Sæti í A deild
B1 lið, 2. sæti A deild B liða
B2 lið, 5. sæti A deild B liða

Íslandsmót

A lið, 1. sæti í A deild, sigur á Þrótti R í undanúrslitum.
A2 lið, 3 sæti í B deild.
B1 lið, 3.sæti í A riðli
B2 lið, 3 sæti í B riðli.

Valitorbikar
Bikarmeistari, sigur á Stjörnunni í úrslitaleik.

Landsliðsmenn:

Adam Örn Arnarsson, Alexander Helgi Sigurðarson, Atli Fannar Jónsson, Gunnlaugur Hlynur Birgisson, Ingiberg Ólafur Jónsson, Oliver Sigurjónsson, Ósvald Jarl Traustason, Páll Olgeir Þorsteinsson léku með U17 ára landsliði Íslands á árinu.

Leikmenn í úrtakshópum

KSÍ á árinu: Bjarki Rúnar Kristinsson, Aron Þórður Albertsson, Sölvi Pálsson, Trausti Marel Guðmundsson, Andri Stefán Bjarnason, Bjarki Þór Hilmarsson, Róbert Steinar Aðalsteinsson, Sindri Steinn Marinósson.

Umsjónarmenn:

Umsjónarmenn flokksins unnu gott starf á tímabilinu. Viljum við þjálfarar þakka þeim umsjónarmönnum sem að unnu með okkur í ár fyrir ánægjulegt samstarf.



Adam Arnarson, fyrriiði 3. flokks, tekur við bikarum eftir sigurinn á Stjörnunni.

ÍSLENSKA / SÁLISVÖR 33115 0011



ENGIR TVEIR ERU EINS

Engir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins. Þetta skiljum við hjá Verði og þess vegna viljum við kynna viðskiptavinum okkar betur. Við lærum að þekkja þá svo að þeir fái örugglega þá þjónustu sem þeim hentar.

Við viljum sjá til þess að þú sért með réttu tryggingarnar, hvort sem um er að ræða líf- og heilsutryggingu, tryggingu fyrir húsið, bílinn eða fyrirtækið.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR





Frábær fatnaður og annar íþróttavarningur frá Jako

Knattspyrna, körfubolti, handbolti, frjálsar, fimleikar, og fleira og fleira
Gerum tilboð fyrir hópa í búninga, íþróttagalla og merktan fatnað



N A M O

Opnunartími:

Mánudaga til föstudaga 9-18

Laugardaga 11-16

Namo ehf - Skútuvogi 11
104 Reykjavík (móti Blómaval)
Sími: 566 7310





Tvöfaldir Íslandsmeistararar

4. fl. karla eldra ár.

Í október 2010 hófst enn eitt skemmtilegt fótboltaár hjá 1997 árgangi í 4. fl. karla. Þegar keppnisárið byrjaði voru 67 strákar að æfa í flokknum. Þetta er stór hópur þar sem einungis er um 1997 árgang að ræða. Þjálfarar voru Júlíus Á. Júlíusson og Haukur M. Hjartarson.

Æfingarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar og í byrjun árs 2011 var fjöldi iðkenda orðinn rúmlega 70.

Æft var fjórum sinnum í viku allt árið í misjöfnu veðri og stundum í 15–20 cm djúpum snjó, reyndi þá á hugmyndaflug þjálfara.

Undirbúningur fyrir DanaCup hófst strax í september 2010 og var mikil eftirvæning hjá strákunum enda hjá flestum fyrsta keppnisferð á erlendri grundu. Skráðu sig 68 í ferðina.

Í janúar og febrúar fór fram Íslandsmót innanhúss. Hvert félag fær einungis að senda eitt lið en lið Breiðabliks vann alla 8 leiki sína í mótinu og varð Íslandsmeistari.

Faxaflóamót hófst í febrúar. 4. flokkur árgangur 1997 var með 4 lið að þessu sinni A1, B1, B3, og C1 og var árangurinn á mótinu frábær.

Faxaflóamót:

A-lið 1. sæti.

B1-lið 2. sæti.

C1-lið 3. sæti.

B3-lið 5. sæti.

Þegar liða tók á árið 2011 þá hófst keppni í Íslandsmótinu og undirbún-

ingur hélt áfram fyrir DanaCup. Strákarnir gerðu ýmislegt annað en að spila fótbolta, fóru út að borða saman, í skálaferð, ofl. Spennan jókst eftir því sem leið á sumarið og styttist í DanaCup.

DanaCup

25. ágúst rann svo loks stundin upp sem þeir flestir voru búnir að bíða eftir, en þá lögðu 68 drengir, samtals 5 lið, 10 liðstjórar, fararstjóri og þjálfarar áleiðis til Hjörning á norður Jótlandi. Þetta er langstærsti hópur sem Breiðablik hefur sent á þetta mót. Skipulag mótsins var eins og best verður á kosið en leikið er á um 50 völlum í Hjörning og nágrannabæjum. Veðrið lék við Blíkamenn og gerði mótið bara enn skemmtilegra. Leiknir voru 22 leikir á þessum fimm dögum í sól og hita. Árangurinn var frábær en þegar mótinu lauk endaði lið 1 í 16 liða A úrslitum með tapi í víta-spyrnukeppni. Lið 2 tapaði í 64 liða A úrslitum á móti hinu margfræga mexíkóska liði Chivas. Lið 3 tapaði eftir harða baráttu í 32 liða B-úrslitum. Lið 4 tapaði í vítaspyrnukeppni í 16 liða B úrslitum. Lið 5 endaði í 64 liða B úrslitum.

Rúsinan í pylsuendanum á þessari skemmtilegu ferð var Fårup Sommerland skemmtigarðurinn. Sambland af tívoli og sundlaugargarði þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Eftir frábæran dag var

grillaður kjúlli og pylsur sem runnu ljúflega niður í svanga stráka.

Á flugvellinum voru strákarnir sáttnir en þreyttir eftir skemmtilega og viðburðaríka ferð.

Dana Cup:

Lið 1 A- úrslit 16 liða.

Lið 2 A- úrslit 64 liða.

Lið 3 B- úrslit 32 liða.

Lið 4 B- úrslit 16 liða.

Lið 5 B- úrslit 64 liða.

Íslandsmótið hélt áfram. A lið vann sinn riðil í úrslitum á Akureyri á móti KA, Þór, og Þrótti Reykjavík. Úrslitaleikur var á aðalvelli Keflavíkur í strekkingsvindi en þar unnu Blikar sannfærandi 1-3 sigur og náðu sér í Íslandsmeistaratitil 2011. B1 Lið keppti til úrslita á móti KA, FH, og Þrótti Reykjavík. Enduðu þeir í 2. sæti á Íslandsmótinu. Frábær árangur hjá B1 liði Breiðabliks. B3 liðið lenti í 6. sæti og með smá heppni hefðu þeir hæglega getað lent ofar. C1 lið náði 4. sæti sem er frábær árangur.

Íslandsmót:

A lið Íslandsmeistarar.

B1 lið 2. sæti á Íslandsmótinu .

B3 lið 6. sæti B riðli.

C1 lið 4. sæti A riðli.

Alveg frábær árangur.

Uppskeruhátið

Unglingaráðs var haldin í september og voru veittar ýmsar viðurkenningar.

Ásgeir Ingi Valtýsson.

Mestu framfarir.

Aron Ingi Laxdal Jónsson. Bliki ársins.

Matthías Garðarsson.

Besti leikmaðurinn.

Viktor Karl Einarsson. Jakobsbikarinn. Árinu var svo lokað með lokahófi þar sem grillaðar voru gómsætar steikur með meðlæti og ís í eftirrétt. Voru þjálfarar leystir út með gjöfum en bæði Haukur og Júlíus hætta með þessa stráka eftir þetta fótboltaár. Júlí spjallaði við strákana eins og honum er einum lagið og hann hvatti þá til að halda áfram á þeirri braut sem þeir hafa verið á. Var mikið klappað fyrir Júlíla en hann hefur verið með strákana frá 2006.

Bestu kveðjur frá umsjónarmönnum 4. fl.





(f. 1998)

Við fórum í smá ævintýri með yngra árið í 4. flokki þetta árið og ákváðum að senda þá í A-liða keppni og spila á móti drengjum ári eldri. Við vissum að við værum með rosalega flottan hóp í höndunum og því varð þetta niðurstaðan.

Árangurinn var virkilega góður en til að byrja með voru úrslitin ekki alveg með okkur en framfarir í hverjum leik voru hreint út sagt stórkostlegar í öllum liðum.

Hér á eftir er hægt að sjá úrslit móta:

Greifamótið.

Við fórum með 4 lið, 1 A-lið og 3 B-lið.

A-liðið endaði í 2-3. sæti af 7 liðum og syndi oft frábæra leiki og voru óheppnir að vinna ekki mótið þegar upp var staðið.

3 jöfn B-lið var staðreynd þar sem stærðin var að stríða okkur í flestum leikjum og niðurstaðan af 10 lið þá enduðum við í 7.-9. og 10 sæti.

Faxaflóamót.

A lið spilað þar 6 leiki í B-riðli og vann 5 þeirra mjög sannfærandi en tapaði 1 leik 2-1 ósanngarnt má segja.)

B lið spilaði 4 leiki í B-riðli, vann 2 og tapaði 2 naumt en andaði samt sem áður í öðru sæti á markatölu.

C1(sem hét C2 í mótinu) spilaði 4 leiki í B-riðli, vann 3 og gerði 1 jafntefli sem færði þeim sigur í sínum riðli.

C2(sem hét C3 í mótinu) spilaði 4 leiki einnig og vann 1 og tapaði 3.

Rey-Cup

Fórum á skemmtilegt mót í Laugardalnum á miðju sumri þegar pásan var í Íslandsmótinu.

A-lið var að sjálfsögðu sent í keppni, unnu sinn riðil og komust í undanúrslit þar sem tap var staðreynd og var það klárlega ósanngarnt 1-0 gegn Víking í leik sem við vorum mun betri (töpuðum á stærðinni).

Töpuðum svo gegn Keflavík í leik um 3.sæti þar sem við mættum ekki strax til leiks!

B-liðið var frekar veikt í þessu móti þar sem mikið vantaði í það lið.

Leikar fóru þannig að þeir spiluðu 5 leiki, 1 sigur-1 jafntefli og 3 töp í leikjum þar sem yfirleitt var stöngin út hjá okkur.

C-liðið var þar af leiðandi líka veikt þar sem við þurftum að færa nokkra leikmenn upp í B. Þar var um sama hlutfall að ræða og hjá B, 1 sigur-1 jafntefli og 3 töp.

Íslandsmót.

Þar ætluðum við okkur í úrslitakeppnina en 2 efstu

sætin gátu tryggt það í A liðkeppni. Við byrjuðum mótið ekki nógu vel með 2 tapleikjum gegn Fram og KR þar sem við vorum mun betra fótboltaliðið.

Enduðum mótið frábærliga og vorum stigvaxandi allt sumarið eftir stöngina út í byrjun sumars.

Enduðum mótið í A-liðum í 4.sæti B-riðils af 11 liðum með 5 sigra, 1 jafntefli og 4 töp.

B-liðið endaði svo í 7. sæti síns riðils. Eftir góða byrjun þá fór að síga á ógæfuhliðina og ekkert gekk upp þrátt fyrir ágætis spilamennsku í flestum leikjum.

C1(sem hét C2 í mótinu) spilaði 6 leiki í sumar, vann 3-1 jafntefli og 2 töp. Voru klaufar að tapa gegn Selfoss sem kostaði sæti í úrslitum og endaði í 3.sæti riðilsins.

C2(sem hét C3 í mótinu) spilaði einnig 6 leiki, vann 2, 2 jafntefli og 2 töp. Hefðu hæglega getað náð sér í fleiri stig en því miður gekk það ekki upp og enduðu í 5.sæti riðilsins.

Í lok ágúst var síðan uppskeruhátíðin og fengu eftirtaldir viðurkenningu:

Mestu framfarir:
Ragnar Páll Stefánsson

Bliki ársins:
Alfons Sampsted

BESTI LEIKMAÐUR
FLOKKSINS:
Hafsteinn Rúnar Jónsson

Þegar hugsað er tilbaka til þeirrar ákvörðunar að senda yngra árið sér í keppni er það klárlega það besta sem hægt var að gera fyrir þá. Drengirnir lærðu alveg svakalega mikið á þessu sem á eftir að reynast þeim dýrmæt reynsla í framtíðinni.

Mín ósk var sú að við Daði fengjum að halda áfram með þessa skemmtilegu drengi en maður fær nú ekki allt sem maður vill í lífinu.

Við viljum því nota tækifærið og þakka öllum, bæði og drengjum og foreldrum fyrir frábært og skemmtilegt samstarf.

*Bestu kveðjur,
Hansi og Daði.*

P.S

Við viljum svo þakka þjálfurunum fyrir frábæran vetur og metnaðarfullt starf þar sem að strákarnir fengu snilldar

þjálfun á öllum sviðum og eru vel undirbúnir fyrir átök næsta vetrar.

*Fyrir hönd 4.flokks karla
(yngra ár), Magga og Inga.*



Fimmtán lið í flokknum

Þjálfarar ákváðu að í öll mót yrði farið með 2 A-lið í þau mót þar sem allur hópurinn færi.

Árangurinn var virkilega góður.

Miklar framfarir í voru hverjum leik, hreint út sagt stórkostlegar í öllum liðum.

Hér á eftir er hægt að sjá úrslit móta:

Keflavíkurmót.

Fórum með 15 lið.

9 lið unnu til verðlauna

Goðamótið.

Bara eldra ár,1999, fór þetta árið.

Fórum með 7 lið þar sem allir stóðu sig með þryði og voru félaginu til sóma.

Njarðvíkurmótið.

Bara yngra árið fór,2000.

Fórum með 8 lið og var frábært að sjá okkar drengi etja kappi við sér eldri drengi.

Stóðu vel í þeim og við vorum með öll okkar lið fyrir ofan 6.sæti af 12 liðum í hverju móti.

Faxaflóamót.

15 lið í móti.

3 A-lið

5 B-lið

5 C-lið

3 D-lið

8 lið unnu á endanum til verðlauna í flottu móti en þarna fórum við í mót með jafnmörg A-lið og D lið!

N1-mótið.

Fórum á N1 mótið þetta árið með 14 lið.

2 A-lið A1 endaði í 7.sæti og A2 í 13.sæti af 28 liðum.

2 B-lið B1 endaði í 10.sæti og B2 endaði

2 C-lið C1 5.sæti og C2 í 13.sæti

2 D-lið D1 7.sæti og D2 í 11.sæti

3 E-lið E1 18.sæti, E2 í 13.sæti og E3 í 17.sæti

3 F-lið F1 11.s'ti, F2 í 23.sæti og F3 í 22.sæti

Íslandsmót.

Fórum með 15 lið í mót þar sem hvert lið lék um 10 leiki.

Niðurstaðan var sú að öll lið voru á pari miðað við sigur-jafntefli-taphlutfall.

Ekkert lið tapaði stórt heldur átti í hörkuleikjum í öllum leikjum.

Þjálfarar voru því að meta sín lið rétt þar sem flest lið fengu leiki

við hæfi og lærðu af.

D1 liðið endaði sem Íslandsmeitari.

Fjöldi af æfingaleikjum var svo spilaður þegar ekki voru

mót en einnig héldum við Jólámót sem ekki voru talin úrslit heldur einungis haft gaman rétt fyrir jól.

Heildarleikjafjöldi 5.flokks í sumar var um eða yfir 550 leikir með öllu sem gerir yfir 10 leiki á viku fyrir þjálfara að stýra!

Í lok ágúst var síðan upp-skeruhátíðin og fengu eftirtaldir viðurkenningu:

2000

Mestu framfarir:

Nökkvi Egilsson

Bliki ársins: Andri Þór

BESTI LEIKMAÐUR
FLOKKSINS: Elías Rafn

1999

Mestu framfarir:

Axel Freyr Harðarson

Bliki ársins:

Bjarni Harðarson

BESTI LEIKMAÐUR
FLOKKSINS:
Kári Steinn Hlífarsson

Þegar hugsað er tilbaka til þeirrar ákvörðunar að senda flokkinn í

keppni með sem flest A og B lið og að sem flestir fengju leiki við hæfi er það klárlega það besta sem hægt var að gera fyrir þá.

Drengirnir lærðu mjög mikið af þessu sem á eftir að reynast þeim dýrmæt reynsla í framtíðinni.

Við viljum nota tækifærið og þakka öllum, bæði drengjum og foreldrum fyrir frábært og skemmtilegt samstarf.

*Bestu kveðjur,
Yfir vetrartímann:
Hansi, Frans, Jens-
Kristinn, Keli og
Viktor Unnar
Yfir sumartímann:
Hansi, Kristinn, Sölvi,
Darri og Gulli*





Pollameistarar KSÍ

Æfingar hófust um miðjan september og fljótlega var ljóst að hópurinn var stór og glæsilegur. Eldri ('01)

strákarnir voru um 70 í byrjun en þeir yngri ('02) voru um 40. Þegar leið á veturinn bættust 10-15 strákar við

hvorn hóp. Flokknum var skipt í þrennt tvisvar í viku og einu sinni í viku æfðu árgangarnir saman.



Þjálfararnir þetta árið voru Hákon Sverrisson, Haukur Már Hjartarson og Sigurður Víðisson. Aðstoðarþjálfarar voru Hrannar Bogi og Hrannar Einarsson. Að auki mætu Viktor Freyr og Bjarki Steinn tvisvar í viku til aðstoðar við stærsta hópinn.

Á hverri æfingu voru því fjórir – fimm þjálfarar til staðar sem tóku á móti 40 – 50 manna hópi í hvert skiptið. Æfingarnar byggðust upp á stöðvabjálfun þar sem hópnum var skipt upp í 3-5 stöðvar á æfingum með 8-10 strákum á hverri stöð. Mikið var lagt upp úr tækniæfingum, þar sem strákarnir æfðu boltatæmðferð á litlum svæðum. Spilað var í fámennum liðum oftast 2:2 og upp í 4:4.

Margar sunnudagsæfingar fóru í það að búa til vináttuleiki þar sem spilað var fámennum liðum á mörgum völlum í Fífunni. Þessir leikir hafa þróast upp í 5:5 mót þar sem markmiðið er að spila sem mest af leikjum á sem skemmstum tíma. Strákarnir fá mikið út úr þessum leikjum þar sem vellirnir eru stuttir og mikið um návígi 1:1, margar snertingar hjá hverjum og einum á boltann og liðin sækja mikið til þess að skora mörk. Allt eiginleikar sem við viljum þjálfá hjá hverjum og einum.

Flokkurinn tók þátt í nokkrum mótum á árinu þar sem spilað var 7:7 á ¼ velli. Yfirleitt mættum við með 12-16 lið til leiks á þessum mótum og var megináherslan á að strákarnir fengju eins jafna leiki og mögulegt var.

Eldra árið tók þátt í Shellmótinu í Eyjum en þangað fóru 79 vaskir drengir í 9 liðum. Mótið tókst í alla staði frábærlega, veðrið lék við okkur allan tímann og nutu strákarnir þess að spila fótbolta við mjög góðar aðstæður. Hópurinn var stór og eiga foreldrar og liðsstjórar þakk-



voru glæsilegir fulltrúar Breiðabliks á mótum ársins.

Að lokum viljum við þakka umsjónarmönnum Kristínu, Halldóri, Jóni, Árna og síðast en ekki síst kraftaverkakonunni Guðmundu sem hefur starfað undanfarin ár með þjálfurum og unnið gríðarmikið starf fyrir strákana og foreldra flokksins. Einnig viljum við þakka foreldrum fyrir aðstoðina við hin ýmsu tilefni og strákunum fyrir samstarfið á árinu.

Áfram Breiðablik
Hákon, Haukur og Siggí

ir skildar fyrir vel heppnað mót. Yngri árið fór á Króksmótið á Sauðárkróki í byrjun ágúst. 5 lið mættu til leiks og gekk þeim öllum mjög vel á mótinu. Í júní tóku 16 lið þátt í Pollamóti KSÍ. 6 liðanna spiluðu sig inn í úrslitakeppni sem haldin var í lok ágúst á Selfossi og á ÍR-vellinum. 2A lið og 3B lið ásamt einu D liði tóku þátt í 8 liða keppni í hverjum flokki. A liðin lentu í 1. og 6. sæti. B liðin lentu í 3., 5. og 7. sæti og D liði endaði í 6. sæti.

Mörg lið Blika sýndu góðan árangur á mótum ársins en stærsti árangurinn er samt sá að strákarnir tóku miklum framförum á árinu. Þeir voru kurteisir og þrúðir hvert sem þeir fóru og



Leikir og gleði



Starfið hjá 8. flokki tíma-
bilið 2010 - 2011 gekk mjög
vel. Í floknum voru börn
fædd 2005- 2007. Á tíma-
bilinu æfðu á milli 130-150
börn hjá félaginu, flest
þeirra yfir vetrartímann en
að meðaltali mættu 80-100
krakkar reglulega yfir
sumartímann.

Helsta markmið 8. flokks
er að bjóða börnum á leik-
skólaaldri, bæði stelpum og
strákum, skemmtilega og
proskandi upplifun á íþrótt-
tum í öruggum höndum
góðra þjálfara. Í byrjun var

lagt upp með að hafa ein-
faldar stöðvar á æfingunum
þar sem farið var í leiki, spil-
aður fótbolti og ýmsar
æfingar framkvæmdar til
þess að æfa boltafærni.
Þegar líða tók á veturinn var
aukið við spilstöðvarnar en
þá höfðu flest börnin náð
þeim þroska að vinna á
ákveðnu svæði. Það var
þjálfurum mikið gleðiefni að
sjá hvernig tókst að leiða
mörg óörugg börn úr fangi
foreldra sinna yfir í það að
geta hlaupið um örugg í
stórum hópi barna.

Æfingarnar fóru fram í
Kórnum og í Fífunni. 30-50
krakkar mættu að meðaltali í
Kórinn og sáu 3-5 þjálfara
um skipulagið þar. Í Fífunni
voru að meðaltali 60-70
krakkar á æfingu undir
stjórn 5-7 þjálfara. Í byrjun
júni var skipt yfir í sumar-
æfingarnar og þá var æft
tvisvar í viku, í og við Fífuna
og við Versalavöll.

Að mati þjálfara gekk
starfið í 8. flokki mjög vel.
Góður stígandi er á milli ára
í starfinu og er það m.a.
góðum og fjölmönnum þjálf-

arahóp að þakka. Árangur
8. flokks byggist alfarið á
líðan barnanna á æfingun-
um og að þau vilji koma
aftur. Af hrósi foreldra og
gleði barnanna má greina
að slík markmið hafi náðst
og árangur verið góður. Að
lokum er börnum, foreldrum
og aðstoðarþjálfurum
þakkað fyrir samstarfið.

*Hákon, Tryggvi, Ragnar,
Martin, Alli Jóns og allir
aðstoðarþjálfararnir.*





ENGIR TVEIR ERU EINS

Engir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins. Þetta skiljum við hjá Verði og þess vegna viljum við kynna viðskiptavinum okkar betur. Við lærum að þekkja þá svo að þeir fái örugglega þá þjónustu sem þeim hentar.

Við viljum sjá til þess að þú sért með réttu tryggingarnar, hvort sem um er að ræða líf- og heilsutryggingu, tryggingu fyrir húsið, bílinn eða fyrirtækið.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR



Viðtal við Hlyn Eiríksson þjálfara meistaraflokks kvenna

„Starfið leggst vel í mig“

Hlynur Eiríksson tók við þjálfun meistaraflokks kvenna í október síðastliðnum. Við settumst niður með Hlyni og tókum hann tali.

Sæll og velcomin í Breiðablik. Hvernig leggst starfið í þig?

Takk fyrir það. Starfið leggst virkilega vel í mig. Mér hefur verið á allan hátt mjög vel tekið hér í félaginu. Aðstaðan öll til fyrirmyndar þannig að ég á ekki von á öðru en hér verði gott að vinna.

Hvert stefnir þú með liðið?

Ég er svo nýtekinn við liðinu og er því enn að kynnast stúlkunum í meistaraflokknum og þeim sem koma til með að banka á dyrnar, hvort sem það verður nú á næsta tímabili eða á þeim allra næstu.

Það er þó á hreinu að ég er hingað kominn til að gera liðið og stúlkurnar betri í fótbolta án þess þó að byggja upp einhverjar skýjaborgir á einni nóttu. Markmið liðsins setjum við svo niður fyrir okkur þegar nær dregur keppnistímabilinu.

Hvaða reynslu hefur þú af þjálfun knattspyrnu?

Ég hef áralanga reynslu af knattspyrnuþjálfun, u.þ.b. 25 ára reynslu, þar sem ég hef þjálfað allan aldur, allt frá 8.flokk og upp í meistaraflokk. Reynsla mín er er að mínu mati því mjög fjölbreytt en á síðasta ári þjálfaði ég 5. flokk karla og 2.



flokk karla hjá Þór auk meistaraflokks Þór/KA í Pepsi-deild kvenna.

Er eitthvað sem hefur komið þér á óvart eftir að þú komst til félagsins?

Nei, nei ekkert svo mikið. Ég vissi að Breiðablik væri eitt af, ef ekki stærsta félag landsins allavega hvað iðkendafjölda varðar. Það er þá kannski einna helst það hve gríðarlega vel er haldið utan um alla innri starfsemi félagsins, þjálfunin og aðstaðan. Það sem einna mest snýr að mér sjálfum er hve ég finn hvað það er sterkt meistaraflokksráð kvenna starfrækt í kringum mig sem styrkir allt mitt starf til mikilla muna.

Spilaðir þú knattspyrnu sjálfur þegar þú varst yngri?

Ég ólst upp í Hafnarfirðinum, fyrst í Haukum og síðan FH þar sem ég spilaði mína fyrstu meistaraflokksleiki. Þá lék ég tvö tímabil með KS á Siglufirði, þrjú með Þrótti Nes. fyrir austan og endaði feril minn með Þór á Akureyri þar sem ég hef verið frá árinu 2000.

Eitthvað að lokum?

Eins og ég vona að hafi komið fram þá er ég og fjölskylda mín mjög ánægð að vera komin hingað í Kópavoginn og hér ætlum við að eiga góða tíma með ykkur öllum Blikum, græn og glöð.



Góður liðsauki til meistaraflokks

Á haustmánuðum hafa þrír nýir leikmenn bæst í hópinn hjá meistaraflokki kvenna. Þetta eru þær Rakel Hönnudóttir frá Þór/KA, Björk Gunnarsdóttir frá Val og Guðrún Arnardóttir frá Selfossi. Allt eru þetta mjög sterkir leikmenn sem eiga eftir að styrkja kvennaliðið okkar mikið næsta sumar. Hlynur Svan Eiríksson þjálfari Breiðabliks sagði við blaðamann Ársritsins að hann væri mjög ánægður með að fá þessa leikmenn til Breiðabliks og að það væru spennandi tímar framundan hjá félaginu.



Rakel Hönnudóttir er 23 ára sóknarmaður sem hefur alla sína tíð leikið með Þór/KA. Hún hóf unga að leika með meistaraflokki og hefur á undanförunum árum spilað 134 leiki í deild og bikar og skorað í þeim 124 mörk! Rakel hefur einnig átt fast sæti í íslenska kvennalandsliðinu undanfarin ár og spilað þar 33 leiki og skorað tvö mörk.



Björk Gunnarsdóttir lék með Val undanfarin tvær leiktíðir en þar spilaði hún 35 deildarleiki og skoraði 21 mark fyrir félagið. Björk kom til Vals frá Stjörnunni fyrir tímabilið 2010. Björk hefur leikið 161 leik í deild og bikar með Val og Stjörnunni og hefur skorað í þeim 89 mörk. Hún á að baki einn leik fyrir A-landslið Íslands.



Guðrún Arnardóttir er aðeins 16 ára gömul en á samt að baki 17 leiki með meistaraflokki Selfoss og hefur skorað í þeim tvö mörk. Hún er varnarmaður sem hefur leikið 10 landsleiki með U17 ára landsliði kvenna og var með liðinu í undankeppni Evrópumótsins í Austurríki í október s.l.

Meistaraflokkur kvenna hefur æft vel í haust og greinilegt að koma Hlyns þjálfara hefur hleypt nýju blóði í flokkinn. Árangur í æfingaleikjum hefur verið góður og greinilegt að samkeppni um stöðu í liðinu verður mjög mikil næsta sumar. Margar ungar og efnilegar stúlkur fengu tækifæri síðasta sumar og koma þær reynslunni ríkari til leiks á komandi tímabili. Árangur liðsins verður vonandi betri á komandi leiktíð enda hefur uppskeran verið frekar rýr undanfarin ár miðað við það sem við Blikar höfum átt að venjast frá meistaraflokki kvenna. Ef til vill er hægt að segja að okkar tími sé að koma á nýjan leik í kvennaboltanum

Með áramótarkveðju





Margar í meistaraflokki

Tímabilið 2010 til 2011 var 2. flokkur kvenna skipaður leikmönnum sem fæddar eru á árunum 1992 til 1994. Um 20 stelpur æfðu reglulega og hófust æfingar um miðjan október. Stelpurnar tóku þátt í Faxaflóamóti sem hófst í byrjun nóvember. 12 lið tóku þátt að þessu sinni og enduðu stelpurnar í öðru sæti. Þær spiluðu 10 leiki, unnu 8 og töpuðu 2 enduðu með markatöluna 54-12. Æfingar gengu mjög vel og voru stelpurnar mjög metnaðarfullar og duglegar. Sú vinna sem þær lögðu á sig í vetur kom svo betur í ljós þegar

sumarið nálgast. Stelpurnar mættu tilbúnar í Íslandsmótið sem byrjaði 26.maí. Þær unnu fyrstu 3 af 4 leikjum sumarsins og voru greinilega vel stemmdar og tilbúnar í verkefni sumarsins því þær spiluðu frábæran fótbolta og höfðu gaman að hlutunum. Þær leiddu mótið meira og minna allt sumarið en þegar liðið tók á seinni hlutann féllu hlutirnir ekki alveg með okkur og jafna þurfti álagið á stelpunum þar sem margar stelpur úr flokknum voru farnar að spila með mfl. og öðlast þar dýrmæta og góða reynslu. Á Íslandsmótinu spiluðu

stelpurnar 14 leiki, unnu 6, gerðu 3 jafntefli, töpuðu 5 leikjum og enduðu sumarið í 4 sæti. Stelpurnar tóku einnig þátt í Valitor bikarkeppni en þar unnu þær sameiginlegt lið Hauka/Álftanes í 16 liða úrslitum 6-0. Þær töpuðu svo fyrir ÍBV í 8 liða úrslitum 4-2. Það er greinilegt að framtíðin er björt hjá þessum stelpum þar sem einungis ein stelpa var á elsta ári í flokknum.

Gaman er að segja frá því að 12 stelpur úr þessum hópi fengu tækifæri til að æfa og spila með meistaraflokki í sumar og verður það að teljast vel af sér vikið og

Breiðablik á góða daga framundan ef þessar stelpur halda áfram á sömu braut. Þá voru þær Þórdís Sigfúsdóttir og Ásta Eir Árnadóttir valdar í U 19 ára landsliðið og spiluðu þar stórt hlutverk og Edda Mjöll Karlsdóttir var markahæst í flokknum.

Á uppskeruhátið Breiðabliks var Tinna Björk Birgisdóttir valin besti leikmaðurinn en hún var einnig valin leikmaður leikmannanna. Þá fékk Rebekka Arnþórsdóttir verðlaun fyrir mestar framfarir.

*Kristrún Lilja Daðadóttir
Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir*





Bikarmeistari KSÍ

Um 25 hressar og metn-
aðarfullar stelpur æfðu
að staðaldri með 3. flokk
kvenna, æft var 4–5x í viku
allt tímabilið við frábærar
aðstæður. Til þess að allar
fengju verkefni við hæfi
vorum við með tvö lið í
Faxaflóa- og Íslandsmóti.
Einnig spiluðum við marga
æfingaleiki, stelpurnar fóru
á séræfingar og þær dug-
legustu æfðu aukalega
hlaup og tækniæfingar, því
það er jú aukaæfingin sem
skapar meistaran.

Óvissuferð, leikir og
skemmtun inná milli æfinga
stytta undirbúningstímabilið
til muna og stelpurnar
blómstruðu þegar grasið
varð loksins grænt. Með tvö
lið á Íslandsmóti var

stefnt á sigur í hverjum leik
en einnig með það í huga að
bæta sig og læra í hverjum
leik og njóta þess að spila
fótbolta við frábærar
aðstæður hverju sinni.
Lokaniðurstaðan var sigur
hjá báðum liðum í Faxaflóa-
móti og á Íslandsmóti
varð 3. sætið okkar hlutskipti
hjá báðum liðum og aðeins
vantaði herslumuninn á að
bæði lið næðu inn í úrslita-
keppnina. Stelpurnar bættu
fyrir það með því að vinna
stórsigur á grönnum sínum í
HK í úrslitaleik Valitor bikar-
keppinnar og eru því
BIKARMEISTARAR 2011!

Í júlí tóku stelpurnar einnig
þátt í sterku Rey cup móti
þar sem þær gerðu sér lítið
fyrir og sigruðu mótið með

glæsibrag. Það vannst ekki
fyrirhafnalaust því í
undanúrslitum sigruðu þær
Skagastúlkur í vítaskyru-
keppni þar sem þær tóku
16 víti í röð án þess að
klúðra einu einasta til þess
að tryggja liðinu rétt til þess
að spila til úrslita og í
úrslitaleiknum unnum þær
sterkt lið Þórs 6–5 líka eftir
vítaskyrukeppni.

Margar stúlkur úr
flokknum hafa fengið aukna
ábyrgð og tækifæri til þess
að spila með 2. og mfl.
félagsins í sumar sem er
alveg frábært. Einnig áttum
við stelpur í U 17 ára lands-
liði stúlkna en þær Ella Dís
Thorarensen og Rakel Ýr
Einarsdóttir voru okkar full-
trúar bæði á Norðurlanda-

móti í júlí og í undan-
keppni EM nú í október. Þá
voru þær Andrea Rán
Hauksdóttir, Steinunn
Sigurjónsdóttir og Hrefna
Pétursdóttir valdar í úrtaks-
hóp U16 ára.

Framtíðin er þeirra og
vonandi eigum við eftir að
sjá þær allar spila fyrir
meistaraflokk félagsins á
komandi árum.

Við þökkum frábærum
umsjónarmönnum kærlega
fyrir hjálpinu, Ólafi, Sigríði,
Evu, Sigurjóni, Önnu Rósu
og Þóru – þið eruð frábær.
Þá fá einnig aðrir foreldrar
sem hafa verið duglegir að
mæta og aðstoða okkur á
einn eða annan hátt þakkar
fyrir hjálpinu.

Kveðja Kitta og Dúfa





Íslandsmeistarar 2011

Árið 2011 fer í sögu-bækurnar sem stórskemmtilegt ár hjá 4. flokki kvenna í Breiðablik enda árangur flokksins einstakur í flesta staði. A-lið hópsins vann alla leiki nema einn (sem varð jafntefli) sem það spilaði og sigraði á öllum mótum sem liðið tók þátt í. Önnur lið, sama hvort þau voru kölluð B1, B2, C- eða D-lið, náðu mjög góðum árangri líka.

Æfingar hófust eftir stutt

hlé í október og voru þátt-takendur þá 41 sem smám saman fjölgaði þannig að um áramótin var þessi hópur orðinn hvorki meira né minna en 45 stúlkur sem æfðu reglulega. Æfingar fóru fram fjórum sinnum í viku allan veturinn í Kórnum, Fífunni innanhúss og svo utanhúss á gervigrasinu í Fagralundi. Ljóst er að aðstaða til æfinga hjá Breiðablik er með því besta sem þekkest hérlandis sem

án efa styrkir möguleika knattspyrnumanna hjá félaginu til að ná árangri.

Í æfingum vetrarins lögðu þjálfararnir sérstaka áherslu á knattækni, móttöku og sendingar en þegar nær dró vori jókst áherslan á styktar- og þolæfingar. Samhliða því að leikjum stelpnana fjölgaði, var farið vel í leikskipulag og sóknar- og varnarleik. Fjórum æfingum á viku var haldið út tímabilið.

Fyrsta mótið sem stelp-

urnar tóku þátt í var Íslandsmótið í innanhús-knattspyrnu (futsal) en hvert félag mátti aðeins senda eitt lið í mótið. Fyrri úrslitariðillinn var spilaður í Garði í janúar en sá síðari fór fram í Kórnum um miðjan febrúar. Skemmst er frá því að segja að okkar stelpur sigruðu og urðu Íslandsmeistarar.

Næst var þátttaka í hinu ágæta Goðamóti Þórs á Akureyri en við sendum fjögur lið í mótið. Eins og venjulega var þátttakan í mótinu skemmtileg og um 30 manna hópur foreldra fylgdi með norður á Akureyri. A og D - lið sigruðu en B og C - lið náðu 4. og 3. sæti.

Undir vor lauk þátttökunni í Faxaflóamótinu með tvöföldum sigri A og B1-liða og B2-liðið varð í 2. sæti. Nokkur óregla varð á leikjum í þessu móti og sumum leikjanna var margfrestað af mótherjunum þó tekist hafi að spila alla leikina að lokum.

Inn á milli móta tók A-liðið þátt í svokölluðu „Baráttu-



móti KR“ skömmu fyrir keppnistímabilið sem var finnn undirbúningur fyrir sumarið. Liðið sigraði í eftirminnilegu móti sem hófst á snjólausri jörð en endaði á snjóhvítum velli þar sem erfitt var að sjá og finna nokkrar merkingar.

Þátttakan í Íslandsmótinu hófst 27. maí með leik A-liðsins við Þrótt úr Reykjavík og var spilað í Kórnum utanhúss. B1 og B2 spiluðu í sama riðli og var fyrsti leikur þeirra daginn eftir gegn FH. A-liðið var í ellefu liða riðli og spilaði því tíu leiki. Liðið sigraði í öllum leikjunum með markatölunni 48–5 og fór upp úr riðlinum með fullt hús stiga eða 30 stig. Sömu sögu er að segja af B1-liðinu en stelpurnar

unnu sinn 10 liða riðil með fullt hús (27 stig) og markatöluna 48–7. Þannig varð B1 Íslandsmeistari í B-liða árið 2011. B2 spilaði í sama riðli og B1 og lenti í 4. sæti með markatöluna 28–13.

Úrslitariðill A-liðanna var síðan spilaður dagana 2–4. september og þar sigruðu stelpurnar lið FH, KA og Grindavíkur samtals 12–0. Sjálfur úrslitaleikurinn var svo spilaður við sterkt lið Fjölnis á Kópavogsvelli laugardaginn 10. september að viðstöddum um 300 áhorfendur. Þann leik vann Breiðablik sannfærandi með markatölunni 4–1 og varð með því Íslandsmeistari árið 2011 í 4. flokki kvenna.

Í hléi á milli leikja í Íslandsmótinu í júlí tóku svo

þrjú lið frá Breiðablik þátt í REY-Cup sem er alþjóðlegt mót stelpna og stráka haldið af Þrótti úr Reykjavík. A-liðið vann sína keppinauta og sigraði en B1 og B2 urðu í 8. og 4. sæti.

Það er hefð fyrir því í lok keppnistímabilsins að veita þeim leikmönnum viðurkenningu sem sýndu mestar framfarir, svonefnda „Blika ársins“ og svo auðvitað bestu leikmenn flokksins. Eftirtaldir leikmenn urðu fyrir valinu:

Mestu framfarir:

Eldra ár:
Hrafnhildur Helgadóttir

Yngra ár:
Sandra Erlingsdóttir

Bliki ársins:

Eldra ár:
Hekla Sól Prastardóttir

Yngra ár:
Logey Rós Waagfjörð

Besti leikmaðurinn

Eldra ár:
Petrea Björt Sævarsdóttir

Yngra ár:
Elena Brynjarsdóttir

Þjálfarar flokksins voru þeir Júlíus Ármann Júlíusson og Ágúst Þór Ágústsson sem er þakkað frábært starf.

*Umsjónarmenn
4. flokks kvenna*

Náttúrulega góði safinn



Náðu í nýja innilitakortið okkar!



Nýir litir
og fullt af
góðum
hugmyndum!



málning
- það segir sig sjálft -

Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kaupún • BYKO Akranesi •

Axel Þórarinnsson málarameisteri, Borgarnesi • Snæþvottur Grundarfirði • Virkið Hellissandi • Núpur byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameisteri, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík



Líklega stærsti (og skemmtilegasti) kvennaflokkur Íslandssögunnar

5. flokkur kvenna

5. flokkur kvenna kom saman í lok september á síðasta ári. Mikill áhugi einkennir þennan hóp sem sést á því að 94 stúlkur kepptu fyrir hönd flokksins í mótum yfir tímabilið. Þjálfarar flokksins ákváðu snemma að tefla fram að minnsta kosti tveimur A og tveimur B liðum í öllum mótum sem gerði það að verkum að allir leikmenn þurftu að takast á við erfið og krefjandi verkefni. Þetta leiddi til þess að 32 stúlkur spiluðu í keppni A liða á árinu 2011 og að auki spiluðu 15 stúlkur úr 6. flokki saman sem B lið í Íslandsmóti 5. flokks.

Vegna þessa þurftu allir leikmenn að hafa fyrir hlutunum allt árið. Þar sem 6. flokks leikmenn tóku ekki stöður í C og D liðum nema þegar vantaði í lið, tók fjöldi leikmanna í öllum níu liðum flokksins á Íslandsmótinu miklum framförum sem munu vafalaust koma þeim til góða næstu árin. Vissulega hafði þetta fyrirkomulag það með sér í för að erfiðara var að vinna mót. En þjálfarar flokksins vilja meina að ef leikmenn

temja sér gott og jákvætt hugarfar gagnvart krefjandi verkefnum snemma á ferlinum muni erfiðisvinnan skila sér þegar lengra er komið. Og ekki skortir jákvæðina og duginn í þessum hópi. Í þessum tveimur árgöngum eru ótrúlega margar glæsilegar stúlkur sem eiga bjarta framtíð innan vallar sem utan.

Þeir leikmann sem mættu vel allt árið spiluðu rúmlega 50 leiki í öllum mótum. Í október var haldið til Keflavíkur á árlegt mót sem A1 lið flokksins sigraði með því að leggja FH í úrslitaleik. Næsta mót var upp úr áramótum en þá hélt nágrannafélagið HK Hleðslumótið og er skemmtast frá því að segja að þær grænlæddu hirtu nær alla bikarana sem voru í boði. Næst á dagskrá var Goðamótið á Akureyri þar sem úrslita og undanúrslitaleikir reyndust okkur erfiðir, nema að C liðið átti þar magnaðan sigur gegn Reyni Sandgerði í úrslitaleik.

Á Faxaflóamótinu mátti sjá mikinn stíganda í liðum Breiðabliks og A1 og B1 unnu sína leiki. En lífið er

sentimetraleikur eins og Al Pacino sagði um árið og fyrir því fundu liðin okkar á Íslandsmótinu og þau urðu að sætta sig við að ganga tómhent frá borði frá því. Sama mátti segja í rokinu á Þæjumótinu í Vestmannaeyjum, en þar var örugglega skorað mark ársins úr tvítekinni aukaspyrnu þegar C lið tryggði sér 3. sætið. Síamótið fór vel fram í sólinni í Kópavogi og þar spiluðu öll liðin okkar sig í háa styrkleikaflokka og stóðu sig með glæsibrag. A1 sigraði Val í úrslitaleik á Kópavogsvelli og sýndi og sannaði að þær væru ekki lengur eitt af fjórum bestu liðum landsins, heldur líklega það besta. Sumrinu lauk með þátttöku í Subwaymótinu í Fagralundi þar sem fleiri bikarar fóru á loft.

Agla María Albertsdóttir var valin besti leikmaður eldra árs á lokahófi og Sólveig Jóhannesdóttir Larsen besti leikmaður yngra árs. Guðrún Gyða Haralz og Melkorka Ingibjörg Pálsdóttir þóttu þær efnilegustu og Fanney Einarisdóttir og Freyja Rún

Hilmarsdóttir Blikar ársins. Kristín Dís Árnadóttir og Agla María voru valdar í Pressulið Þæjumótsins í Eyjum og Kristín Dís jafnframt í landslið Síamótsins.

Þakka ber sérstaklega Kristjáni Bryde, Eyrúnu Hörpu Einarisdóttur, Ellu Dís Thorarensen, Ísabellu Eiríksdóttur, Helgu Guðrúnu Guðmundsdóttur og Íris Björk Eysteinsdóttur fyrir þjálfarastörf og foreldrum fyrir öflugt starf. Að lokum er vert rifja upp eitt skemmtilegasta augnablik ársins, þegar stúlkurnar í D4 liði Breiðabliks tóku á móti Fylki í sólinni á Smárahvammsvelli síðla sumars. Eftir að hafa lent undir snemma leiks tóku stúlkurnar sem flestar hafa æft skemur en í eitt ár við að spila knattspyrnu sem sjálfir Xavi og félagar í Barcelona hefðu orðið stoltir af. Með allar þessar frábæru stúlkur innanborðs er framtíðin svo sannarlega björt í Breiðablik.

Daði Rafnsson og Hallur Ólafur Agnarsson



2011 var skemmtilegt ár hjá flokknum

Stúlkur fæddar 2001 og 2002

Stelpurnar í 6. flokki kvenna stóðu sig vel á öllum vígstöðum, innan vallar sem utan leiktímabilið 2010-2011. Fjölgun var í flokknum jafnt og þétt í allan vetur. Góð mæting var á allar æfingar og áhugi, skilningur og meira vit á fótbolta hefur aukist jafnt og þétt sem skilar þessum miklum framförum sem þær hafa náð.

Stelpurnar tóku þátt í öllum mótum sem í boði voru og stóðu sig gríðarlega vel. Þær lögðu sig allar fram í öll þau verkefni sem stóðu til boða hverju sinni en þess má geta að hver iðkandi í flokknum spilaði hátt í 60 leiki í búningi félagsins á tímabilinu og mætti á yfir 150 æfingar. Mótin sem farið var á voru: Æfingamót í Keflavík og á Akranesi fyrir áramót. Goðamótið í Akureyri mars, Faxaflóamótið í maí, Króksmót í júní, Síamót í júlí, Fossvogsmót í ágúst og svo auðvitað hnátumót KSÍ í sumar. Einnig sendum við eitt lið frá okkur til keppni í Íslandsmóti í 5. flokki B-liða. Það lið fór alla leið í úrslita-keppnina. Þar fengu leikmenn af eldra ári mikilvæga

reynslu í að leika á stærri velli með meira pláss. Mikill og góður árangur náðist í þessum mótum og stelpurnar skiluðu mörgum bikurum heim í Smárann. Aðalárangur þessa aldurs hóps verður þó ekki mældur í bikurum og verðlaunapeningum heldur frekar í auknum áhuga og framförum hvernar og einnar. Auk þessara móta tók flokkurinn þátt í ýmsum æfingaleikjum og héldum við til að mynda æfingamót í Fífunni þar sem leikið var með 5 í liði og heppnaðist það einstaklega vel.

Á æfingum yfir vetrartímann fylgdumst við með framgangi leikmanna með því að hafa próf sem mældu knattleikni, hraða og tækni ásamt því að hafa keppni í að halda bolta á lofti.

Auk þess að æfa á hefðbundinn hátt var Ólafur Pétursson með markmannsæfingar sem er einstaklega áhugahvetjandi hjá svona ungum stúlkum. Einnig æfðu stúlkurnar stundum með strákum og þær eldri með næsta flokk fyrir ofan til að allir fengu verkefni við hæfi og nýjar áskoranir.

Þegar starfsárið hófst í

september 2010 voru um 50 stúlkur á skrá. Í lok sumars voru þær komnar upp í rúmlega 70. Um veturinn æfðum við 3x í viku og 4x í viku yfir sumartímann með tvískiptan hóp. Við fengum aðstoðarþjálfara með okkur á æfingarnar úr 2. og 3. flokkum félagsins.

Vert er að minnast á umsjónarmannateymi flokksins sem stóð sig hreint út sagt frábærlega og var þjálfurum sönn stöð og styttu allt tímabilið. Þeir sáu um allt skipulag í kringum ferðir, fjáraflanir, félagslegar samkomustundir og fleira í þeim dúr. Annars má nefna að foreldrar í flokknum voru til fyrirmyndar og voru ávallt til aðstoðar ef eitthvað uppá vantaði. Þeir voru einnig duglegir að mæta á æfingar og leiki og styðja stelpurnar. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og skiptir miklu máli uppá framtíð stúlkanna í íþróttinni. Með samstilltu átaki tókst að vinna frábært starf. Árangri flokksins er ekki síður þessum samstillta og frábæra foreldrahópi að þakka fyrir hversu mikinn stuðning og áhuga þau sýndu í verki.

Fyrir hönd umsjónarfólks-

ins og foreldra má ekki gleyma þætti þjálfaranna þeirra Halls og Írisar sem stóðu sig hreint út sagt gríðarlega vel og eiga heiður skilinn fyrir þeirra þátt í þeim árangri sem 6. flokkur kvenna náði starfsárið 2010-2011.

Félagið stóð einnig einstaklega vel að baki flokknum, bæði unglingaráð og yfirþjálfari. Yfirþjálfari fundaði reglulega með þjálfurum til að fara yfir áætlanir og faglega hluta starfsins. Stuðningurinn var margvislegur, til að mynda voru okkur útvegaðar æfingatímar í tvennu lagi allt sumarið sem þýddi færri stúlkur á æfingu og meiri gæði hvernar æfingar fyrir hverja stúlkku. Mun þetta vera í fyrsta sinn í 6. flokki þar sem skipta þarf upp sumaræfingum vegna fjölda leikmanna.

Þjálfarar: Hallur Ólafur Agnarsson og Íris Björk Eysteinsdóttir.

Umsjónarmenn: Ólafur Lúther Einarsson, Margrét Skúladóttir, Páll Liljar Guðmundsson, Grétar Gunnarsson og Karl Guðjón Karlsson.

ORKUVERND



Sama lága verðið innan landsvæðis!

Verðstefna Orkunnar nefnist Orkuvernd. Hún felur í sér að Orkan leitast við að tryggja að þú fái:

- **Lægsta eldsneytisverðið** innan hvers landsvæðis
- **Sama verð** á öllum Orkustöðvum innan sama landsvæðis*

Þú færð svo enn lægra verð með Orkulyklinum.

Sæktu um á www.orkan.is



ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!!

* Á kortinu má sjá staðsetningu Orkustöðvanna og hvernig svæðaskiptingu þeirra er háttað.

Símanúmer þjónustuværs: **578 8800**



Fjör hjá flottum stelpum

Hjá stelpum sem eru að stíga sín fyrstu skref í knattspyrnu skiptir öllu að hafa starfið skemmtilegt og aðlaðandi. Gríðarlega mikilvægt er að hafa góða blöndu á milli æfinga, leikja og samveru þannig að stelpunum finnist gaman á æfingu og taki virkan þátt. Gegnum svona starf náum við þeim grunn markmiðum að efla hreyfifærni og knattspyrnulega getu samhliða því að styrkja þær persónulega og félagslega. Erfitt er að koma með einn dóm um svona starf þar sem árangurinn kemur ekki endilega í ljós strax heldur kannski nokkrum árum seinna. Þ.e. árangur sem birtist í hressum stelpum sem hafa góða sjálfsmynd, fulla trú á sínum verkefnum og eru í góðu líkamlegu formi.

Við teljum að starfið í ár hafi gengið mjög vel og skemmtileg stemning verið allsráðandi. Okkur finnst við hafa náð að virkja áhuga og leikgleði hjá stelpunum sem

skilaði sér í meira frumkvæði og framförum. Með því að hafa eitthvað eitt skemmtilegt í hverri viku og með því að hafa fjölbreyttar æfingar, í bland við keppni, þá náðum við bæði að hafa starfið mjög fjölbreytt en líka áhugavert. T.d. er ljóst að grænmetisæfingar, vanaæfingar, bangsaæfingar, grímubúningaæfingar, foreldraæfingar, gestaþjálfarar, dóta-tímar, leikjavöld, blöðruæfingar, vöflukaffi og fleira voru ótrúlega hvetjandi fyrir stelpurnar.

Með æfingum þrisvar í viku yfir vetrartímann og fjórum sinnum yfir sumartímann var nóg framboð af æfingum og tækifærum. Eldra árið fékk að prufa með 6. flokk og var það mjög áhugaverð viðbót. Gæði æfinga, mót og annað utanumhald gekk mjög vel, og er bæði að þakka duglegum foreldrum og óbilandi áhuga hjá stelpunum sjálfum. Því er heldur ekki að leynd að starf með tveimur fullorðnum þjálfurum, með kannski 25

stelpum á æfingu var unnt að bjóða góðar æfingar og einstaklingsbundna nálgun. Við tókum þátt í fjórum heimatilbúnum mini-mótum (5 x 5), þrjú dagsmót, fax-aflóamót, mót á Sauðárkrók, vanaheimsókn og Síamótið. Fengum marga bikara en aðal málið var samt að taka þátt og blómstra á sínum forsendum. Yfir hundrað stelpur komu við á æfingum, stundum með vinkonu á eina æfingu eða skruppu með vinkonu í vöflukaffi, en sumar mættu á næstum hverja æfingu tímabilsins. Í byrjun september voru 15 stelpur að æfa en svo fór að fjölga í hópnum og síðasta sumar voru það kringum 50 stelpur sem mættu reglulega á æfingar. Flestar stelpurnar voru fæddar 2003 (eldra ár) og 2004 (yngra ár) en einnig nokkur hópur stelpna úr 8. flokk (fæddar 2005).

Við viljum þakka stelpunum og foreldrum þeirra fyrir yndislegt samstarf. Það er

stundum að samstarf allra aðila býr til ákveðin „hvatningar-spiral“, þ.e. þegar þannig aðstæður skapast að þjálfurum finnst rosalega skemmtilegt að þjálfra og fá endalausa hvatningu frá foreldrum og stelpum til að gera betur. Til dæmis er merkilegt hvað stelpurnar sjálfar gátu verið duglegar að koma með hugmyndir að einhverju spaugi til að láta þjálfara hjálpa sér að koma í framkvæmd. Í lokin þökkum við stelpunum, foreldrum þeirra, Lilju og Maríu umsjónarkonum, og öðrum fyrir samstarfið. Án þess að vera væminn þá er alveg pottþétt að þessar stelpur eiga framtíðina fyrir sér, bæði sem flottar fótboltastelpur en líka sem heilsteyptar og glæsilegar persónur.

*Sverrir Óskarsson og
Brynja Ingólfsdóttir.*



Myndir úr starfinu



STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR 2009-2010. Eftri röð f.v.: Svavar Jósefsson framkvæmdastjóri, Ólafur Björnsson formaður meistaraflokksráðs karla, Jóhannes Sveinbjörnsson formaður meistaraflokksráðs kvenna, Marínó Önundarson formaður unglingaráðs, Ingibjörg Hinriksdóttir Neðri röð f.v.: Þorsteinn Hilmarsson gjaldkeri, Einar Kristján Jónsson formaður, Guðrún S. Ólafsdóttir ritari, Ingvi J. Ingvason varaformaður. Á myndina vantar Benedikt Þór Guðmundsson.



Örn Örlýgsson liðsstjóri meistaraflokks karla, var getspakastur eftir hinn árlega áramótabolta knattspyrnueldar Blika. Hann fékk því „Græna hattinn“ í varðveislu í eitt ár. Á myndinni er hluti af aðdáendaklúbbi Arnars ásamt meistararum sjálfum.



Getraunakaffi á laugardögum



Steini Þorvaldsson, Ólafur Björnsson, Valdimar Fr. Valdimarsson, Theódór Guðfinnsson og Sverrir D. Hauksson eru fastagastir í getraunakaffinu.



Theódór Guðfinnsson, Ólafur Björnsson og Sigurjón Rannversson urðu allir Íslandsmeistarar með Blikunum í 3. flokki 1974 og hafa haldið tryggð við félagið síðan.



Helgi „Basli“ Helgason og Kristján Guðmundsson spá í seðil vikunnar.

Á hverjum laugardagsmorgni mætir galvaskur hópur Blika til að tippa í getraunum, drekka kaffibolla og leysa lífsgátuna. Þetta er ekki lokaður hópur og eru allir velkomnir í Fífuna á þessum tíma. Hægt er að kaupa sér vel útlátinn morgunmat á hagstæðu verði þannig að bæði sál og líkami er vel nærður í þessum skemmtilega hópi. Getraunir hafa um árabil verið mikilvæg fjáröflun fyrir knattspyrnudeild Breiðabliks og þannig á það líka að vera. Með því að mæta á laugardagsmorgnum geta Blikar styrkt vináttubönd, kynnst nýju fólki og stutt við bakið á knattspyrnudeildinni á sama tíma



Pétur Sveinsson og Hreinn Bergsveinsson leiða öflugan hóp eldri borgara sem ætíð mæta í getraunakaffið á laugardögum.



Það er oft kátt á hjalla í Smáranum í getraunakaffinu.



Theódór Guðfinnsson gefur Kristjáni Ragnarssyni góð ráð. Örn Örlygsson fylgist rólegur með.

Tóku þátt í undankeppni EM í Austurríki



Rakei Ýr.

Við vorum í hópi þeirra stelpna í U-17 sem tóku þátt undankeppni EM í Austurríki í október síðastliðnum. Á ferðadaginn mættum við snemma morguns á skrifstofu KSI og okkar beið langt ferðalag. Strax þá byrjum við að undirbúa okkur með því að drekka vatn. Við milliléntum í Frankfurt í Þýskalandi og fengum okkur að borða áður en önnur flugferð tók við. Við gistum á stóru sport hóteli 45 mínútna akstur utan við Vín. Við vorum með þremur liðum í riðli og tók mótið 7 daga. Þá daga sem ekki voru spilaðir leikir voru léttar æfingar á morgnana og eftir það var dagurinn

frjáls. Mest allur frjáls tími var notaður til að borða og í hvíld en þessi fyrir utan var hann notaður til að samstillja hópinn til dæmis með spilum og að hafa það huggulegt yfir vdeo. Mikil áhersla var líka lögð á að við værum í góðu standi alla ferðina og vorum við því undir stanslausu eftirliti sjúkráþjálfara og læknis og með vatnsflösku í hönd.

Fyrsti leikur var við heimamenn í Austurríki sem fyrirfram var talið sterkasta liðið í riðlinum. Sá leikur var spilaður í hellidembu. Eitthvað var tæknin að stríða heimamönnum og voru þjóðsöngvarnir sungnir án undirleiks.



Ella Dís.

Við létum það ekki á okkur fá heldur sungum enn hærra. Þessi leikur spilaðist vel þrátt fyrir veðrið og unnum við þann leik 2-1. Næsti leikur var við Kasakstana sem ekki voru taldir erfiðir andstæðingar. Þetta kom greinilega fram í leiknum því Kasakstanar áttu 1 skot að marki á móti 39 skotum Íslendinga. Leikurinn vannst þó ekki stærra en 3-0. Þá var ljóst að í síðasta leik nægði okkur jafntefli til að komast áfram upp úr riðlinum. Sá leikur var mjög jafn og endaði hann 2-2 á móti sterku liði Skota. Þeirra mörk komu alveg undir lokin og var því mikil spennan hjá

okkur Íslendingum á síðustu mínútnum.

Það er mikið álag á okkur í svona ferðum en það er líka vel séð um okkur og bæði það og samheildnin í hópnum hjálpaði okkur að ná þeim árangri sem þurfti. Við unnum riðilinn og nú bíður U-17 annað verkefni í apríl í milliriðli EM þar sem kepptir verða þrír í nýjum sterkari riðli í Belgíu. Ef það vinnst erum við komnar í úrslit á EM. Fram að því er ekkert hægt að gera annað en að standa sig til þess að fá að fara með til Belgíu og spila fyrir Íslands hönd.

Ella Dís og Rakei Ýr.

Samfélag í nýjan búning



Merki Sjálfsbjargar þrýðir nú búning Þróttar.



Samfélag í nýjan búning er stefna Landsbankans um stuðning við íþróttafélög. Markmiðið er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mannúðarmál. Bankinn afsalar sér öllum merkingum á búningum og býður félögum að velja gott málefni til að setja á búninga sína í staðinn. Samhliða því er stofnaður áheitasjóður fyrir málefnið og félagið.

23 félög

Alls eru 23 íþróttafélög og jafn mörg málefni um land allt þátttakendur í verkefninu. Þau eru Aftur-elding og Bleika slaufan, Akureyri handboltafélag og Hetjurnar, BÍ/Bolungarvík og Krabbameinsfélagið Sigurvon, Breiðablik og Hringurinn, Fjölnir og Vímlaus æska, Fram og Ljósið, Grindavík og Björgunarsveitin Þorbjörn, ÍR og Hjartaheill, KA og Krabbameinsfélag Akureyrar, Keflavík (karfa) og Krabbameinsfélag Suðurnesja, Keflavík (knattspyrna) og Þroskahjálpi á Suðurnesjum, KR og Fjölskylduhjálpi Íslands, Njarðvík og Velferðarsjóður Suðurnesja, Reynir Sandgerði og Hjarta-vernd, Selfoss og Einstök börn, Sindri á Hornafirði



Landsbankinn færði Kvenfélaginu Hringnum 500.000 kr. styrk vegna samstarfs við knattspyrnuðeild Breiðabliks.

og Krabbameinsfélag Suð-Austurlands, Tindastóll á Sauðárkróki og Björgunarsveitin Skagfirðingasveit, Víðir og Mottumars, Víkingur Ólafsvík og Björgunarsveitin Lífsbjörg, Völsungur á Húsavík og Velferðarsjóður Þingeyinga, Þór á Akureyri og Þroskahjálpi á Norðurlandi og Þróttur í Reykjavík og Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu, Einherji og Björgunarsveitin Vopni.

Áheitasjóðir

Stofnaðir hafa verið áheitasjóðir fyrir hvert málefni og greiðir bankinn fyrir hvern sigur meistaraflökka kvenna og karla á Íslandsmótum. Fyrirtækjum og einstaklingum er frjálst að heita á sín lið og leggja góðu málefni lið. Landsbankinn hefur fært hverju málefni 500.000 kr. styrk – eða samtals 11 milljónir króna.



ENGIR TVEIR ERU EINS

Engir tveir einstaklingar eru nákvæmlega eins. Þetta skiljum við hjá Verði og þess vegna viljum við kynnast viðskiptavinum okkar betur. Við lærum að þekkja þá svo að þeir fái örugglega þá þjónustu sem þeim hentar.

Við viljum sjá til þess að þú sért með réttu tryggingarnar, hvort sem um er að ræða líf- og heilsutryggingu, tryggingu fyrir húsið, bílinn eða fyrirtækið.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR

